



Minjastofnun  
Íslands

---

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

---

# Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2020

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

2022

*Ritstjórn*  
Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

*Ljósmyndir*  
Sjá myndaskrá aftast

*Ljósmynd á forsíðu*  
Stjórnarráðsreiturinn í Reykjavík.  
Ljósmynd: Vala B. Garðarsdóttir.

© 2022  
Minjastofnun Íslands  
Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin  
ISBN 978-9935-9576-2-7

**Minjastofnun Ísland**  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Ísland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

**Efnisyfirlit**

|           |   |           |
|-----------|---|-----------|
| <b>1.</b> | <b>Inngangur</b> .....  | <b>4</b>  |
| <b>2.</b> | <b>Reykjavík og nágrenni</b> .....  | <b>5</b>  |
| 2.1       | Móakot, Nesi við Seltjörn .....   | 5         |
| 2.2       | Lambastaðir, Hamarsgötu Seltjarnarnesi .....  | 7         |
| 2.3       | Nýlendugata - Norðurstigur .....  | 8         |
| 2.4       | Tryggvagata og Naustin .....  | 10        |
| 2.5       | Víkurgarður, lagnavinna .....   | 11        |
| 2.6       | Stjórnarráðsreitur .....  | 12        |
| 2.7       | Hegningarhúsið .....  | 14        |
| 2.8       | Hljómskálagarðurinn – Frá öskuhaugum til<br>urðunar .....   | 15        |
| 2.9       | Árbær – Fornar rætur .....  | 17        |
| 2.10      | Glóra, Álfsnesi .....   | 19        |
| 2.11      | Ártún og Sjávarhólar, Kjalarnesi .....  | 20        |
| <b>3.</b> | <b>Vesturland</b> .....   | <b>22</b> |
| 3.1       | Ólafsdalur .....  | 22        |
| 3.2       | Ólafsdalur, framkvæmdir .....   | 24        |
| <b>4.</b> | <b>Vestfirðir</b> .....   | <b>26</b> |
| 4.1       | Bíldudalur, kaupmannstún .....  | 26        |
| 4.2       | Hrafseyri – Arnarfjörður á miðöldum .....   | 27        |
| 4.3       | Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum .....   | 29        |
| 4.4       | Sandvík á Ströndum .....  | 32        |
| <b>5.</b> | <b>Norðurland vestra</b> .....  | <b>34</b> |
| 5.1       | Þingeyrar í Húnaþingi .....   | 34        |
| 5.2       | Grófargil í Skagafirði .....  | 36        |
| <b>6.</b> | <b>Norðurland eystra</b> .....  | <b>38</b> |
| 6.1       | Svarfaðardalur .....  | 38        |
| 6.2       | Saltnes og garðlög í Hrísey .....   | 39        |
| 6.3       | Aðalstræti 12b, Akureyri .....  | 41        |
| 6.4       | Hofstaðir, Í Brekkum .....  | 42        |
| 6.5       | Fornir garðar á Laxárdalsheiði .....  | 44        |
| 6.6       | Hjúkrunarheimilið Hvammur, Húsavík .....  | 45        |
| 6.7       | Fremri-Fjöll í Kelduhverfi .....  | 47        |
| <b>7.</b> | <b>Austurland</b> .....   | <b>49</b> |
| 7.1       | Arnórsstaðir, Jökuldal .....  | 49        |
| 7.2       | Galtastaðir fram, Hróarstungu .....   | 51        |
| 7.3       | Bakkakot, Borgarfirði eystri .....  | 53        |
| 7.4       | Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir .....  | 55        |
| 7.5       | Skálanes, Austdalur. Árpúsund við Atlantshaf -<br>Annar áfangi. Gjóskulagasyrpa Seyðisfjarðar ..... | 58        |
| 7.6       | Eskifjörður, ofanflóðavarnir .....  | 59        |
| 7.7       | Útstekkur, Fjarðabyggð .....  | 61        |

|            |   |           |
|------------|---|-----------|
| 7.8        | Stöð í Stöðvarfirði.....                      | 63        |
| <b>8.</b>  | <b>Suðurland .....</b>                        | <b>65</b> |
| 8.1        | Arfabót.....                                  | 65        |
| 8.2        | Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin.....      | 67        |
| 8.3        | Bergsstaðir í Þjórsárdal.....                 | 69        |
| 8.4        | Efri Laugardælaeyja .....                     | 71        |
| 8.5        | Björkurstykki í Árborg.....                   | 72        |
| 8.6        | Eyrarbakki, Kaupmannstún.....                 | 74        |
| <b>9.</b>  | <b>Reykjanes.....</b>                         | <b>76</b> |
| <b>10.</b> | <b>Rannsóknir sem ekki fóru fram.....</b>     | <b>77</b> |
| <b>11.</b> | <b>Rannsóknir Minjastofnunar Íslands.....</b> | <b>78</b> |
| 11.1       | Glóra, Álfsnesi - könnunarrannsókn.....       | 78        |
| 11.2       | Húsadalur, meintur skáli .....                | 79        |
| 11.3       | Melgraseyri, meintur skáli .....              | 81        |
| 11.4       | Strandgata 75b, Eskifjörður .....             | 83        |
| 11.5       | Búland 8, Djúpavogi.....                      | 84        |
| <b>12.</b> | <b>Myndaskrá .....</b>                        | <b>85</b> |


## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim. Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 621/2019 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:

*Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar Íslands eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.*

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2020 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir. eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttsælis kringum landið og endað á Reykjanesi. Í kaflanum „Rannsóknir Minjastofnunar Íslands“ er gerð grein fyrir könnunarrannsóknum Minjastofnunar á árinu.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2020. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.


## 2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Móakot. Yfirlitsmynd tekin til suðvesturs. Ljósmynd: Gavin Lucas.

### 2.1 Móakot, Nesi við Seltjörn

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Gavin Murray Lucas     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040125        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-19                |
| <b>Staðsetning:</b> A 353755 N 409714     | <b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes       |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.6.2020 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.6.2020  |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |



Meginmarkmið þessa áfanga var að ljúka uppgræftri á mannvirki H sem var grafið upp að hluta árið 2019. Markmiðinu var náð en til þess var nauðsynlegt að fjarlægja mannvirki A sem var rannsakað á árunum 2013-16. Þegar bygging H var að fullu afhjúpuð reyndist hún vera lítil, c. 3 x 2m, með hellulögðu steingólfi. Í norðurenda uppgraftarsvæðisins var einnig afhjúpað annað mannvirki, eða það sem reyndist vera syðri hlutinn af hringlaga mannvirki (mannvirki I) sem er eldra en bygging H. Það nær út fyrir enda uppgraftarsvæðisins og heldur því áfram í sniði til norðurs.

Þegar mannvirki A var fjarlægt komu aðrar leifar í ljós. Má þar nefna austasta hluta mannvirkis C, sem hafði að mestu verið rannsakað á fyrri stigum rannsóknarinnar. Bygging C virðist vera samtíma byggingu H. Leifar af annarri byggingu (mannvirki J) fundust og er hún eldri en C, H og A en samtíma mannvirkjum F og G sem liggja vestan megin við hana og voru grafinn upp á árunum 2018-19. Að lokum fundust hleðslur undir mannvirki D (rannsakað árin 2018-19) sem tilheyra þá enn öðru mannvirki, K, sem liggur austur-vestur og heldur áfram í vesturátt út fyrir enda uppgraftarsvæðisins. Massifur öskuhaugur liggur þétt upp við mannvirkið.

Túlkun á þeim mannvirkjum sem hafa verið rannsökuð á staðnum er eftirfarandi:

1. Tímabil/fasi: Mannvirki I & K – búr / bústaður? - 16.-17. öld?

2. Tímabil/fasi: Mannvirki J, F, G og D (og E) - bústaður - 17. öld?

3. Tímabil/fasi: Mannvirki C og H - geymsluhúsnæði? - 18. öld?

4. Tímabil/fasi: Mannvirki A - bústaður - 18. öld

5. Tímabil/fasi: Mannvirki B - lítill skúr - 19. öld

Enn á eftir að ákvarða nánar um aldur á eldri mannvirkjunum en að öllum líkindum eru þau frá því eftir árið 1500.

### English Summary

The main aim of this season was to complete the excavation of Structure H which was partially excavated in 2019. This was achieved but required the removal of Structure A which had been excavated and fully recorded in 2013-16. Once fully exposed, Structure H was revealed as a small building c. 3 x 2m with a cobbled/flagstone floor. At the northern end, the southern part of a circular or rounded structure (Structure I) was also uncovered which pre-dates Structure H. It continues north beyond the edge of excavation.

In the process of removing Structure A, other remains also came to light. These included the easternmost part of Structure C, most of which had been excavated in previous seasons and seems to be contemporary with Structure H. Pre-dating structures C and H (as well as A), traces of another building (Structure J) were found, and this is interpreted as being contemporary with Structures F and G to the west, excavated in 2018-19. Finally, under Structure D (also excavated in 2018-19), traces of another structure (K) were found, with thick midden abutting it. It ran east-west and continued west beyond the edge of excavation.

The current interpretation of the site is as follows:

Phase 1: Structures I & K - stores/dwelling? - 16<sup>th</sup>-17<sup>th</sup> century?

Phase 2: Structures J, F, G and D (& E) - dwelling - 17<sup>th</sup> century?

Phase 3: Structures C and H - storage buildings? - 18<sup>th</sup> century?

Phase 4: Structure A - dwelling - 18<sup>th</sup> century

Phase 5: Structure B - small shed - 19<sup>th</sup> century

The dating of the earlier structures remains to be fully determined but probably post-dates 1500.



Mynd 3. Lambastaðir. Lísabet Guðmundsdóttir fylgist með greftri á könnunarskurði við Hamarsgötu. Ljósmynd: Ceecee Cecario.

## 2.2 Lambastaðir, Hamarsgötu Seltjarnarnesi

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir    | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020060008           | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-25                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 354712 N 408300        | <b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.6.2020     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.6.2020                 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                          |



Rannsókn fór fram vegna framkvæmda við Hamarsgötu 6-8 á Seltjarnarnesi. Framkvæmdaraðili hafði þegar grafið fyrir grunn og steypt án þess að rannsókn hefði farið fram. Ef minjar hafa verið þar sem grunnurinn er, þá er búið að grafa þær í burtu. Í heild voru grafnir tveir skurðir auk þess var hreinsað frá steinhleðslu. Skurður 1 var á milli bakka og húsgrunns að norðvestanverðu og skurði tvö að austanverðu. Í skurði 1 voru engin ummerki um mannvist en í skurði 2 fundust einstaka kol í fokmoldarlagi. Grjóthleðslan sem var að suðaustanverðu var úr tilhöggnu grjóti en reyndist vera úr verönd við kjallara hússins sem reist var í kringum 1960.

### English Summary

Due to construction work two test trenches were dug next to the foundation of a new building. Test trench one was dug at the NW side of the foundation and no cultural material was found in the trench. Trench two was on the E side of the foundation. Few specs of charcoal were in a windblown soil, but no other cultural remains. At the SE side of the building there were worked stones, which belonged to the house which was built around 1960.






Mynd 4. Nýlendugata, Norðurstígur. Horft til vesturs yfir athafnasvæðið. Ljósmynd: Vala B. Garðarsdóttir.

### 2.3 Nýlendugata - Norðurstígur

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Vala B. Garðarsdóttir        | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG<br>fornleifarannsóknir |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020070024              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-36                          |
| <b>Staðsetning:</b> A 356717 N 408630           | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.7.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 7.9.2020             |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                        |



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við hinn svokallaða Nýlendureit, sem liggur á milli Norðurstígs, Vesturgötu og Ægisdögðu í vesturhluta Reykjavíkur, var ákveðið að áður en framkvæmdir myndu hefjast þyrfti að rannsaka svæðið með tilliti til fornminja. Samkvæmt heimildum mátti búast við minjum allt aftur til 15. aldar. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfestu það sem áður þótti vitað varðandi ákveðin mannvirki sem reist voru til fjöruverka en aðrar minjar sem búast mátti við er tengdust bæjarhól Hlíðarhúsa fundust ekki. Svæðið sem rannsakað var náði ekki umræddum bæjarhól og framkvæmdir kröfðust einungis þess að ekki þyrfti að fara dýpra en 80 sm. Vegna framkvæmda í nútíma hefur einnig töluvert af minjum verið fjarlægð á þessu svæði og kann það einnig að orsaka þá staðreynd að lítið sást til þeirra minja er búist var við í upphafi.


#### English Summary

Archaeological excavation took place at the so called Nýlendureitur lot in Reykjavík from July to September 2020.

The reason for the research was the intended construction of a new parking and green park area on the site.

All remains were documented using accepted archaeological methods.

Because of previous constructions during the 20<sup>th</sup> century the majority of the remains were already gone. However, a part of the site was still undisturbed, i.e. the excavation exposed remains from a fishing hut as well as cultural and midden layers indicating diverse methods of fisheries and craftsmanship.



Mynd 5. Tryggvataga og Naustin. Staðsetningarkort sem sýnir dreifingu minja innan framkvæmdasvæðis. Mynd: Loftmyndir ehf./Stefán Ólafsson.

## 2.4 Tryggvagata og Naustin

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Stefán Ólafsson              | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020050149              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-24                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 357026 N 408396           | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 8.6.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 2.12.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |



Í sumarbyrjun 2020 óskaði Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér framkvæmdaefirlit við Tryggvagötu og í Naustum. Á framkvæmdasvæðinu komu í ljós hleðslur sem tengdust hafnargerð á fyrri hluta 20. aldar og höfðu sumar af þessum minjum komið í ljós áður.

### English Summary

At the beginning of the summer of 2020, the City of Reykjavík's Environment and Planning Department requested that the Institute of Archaeology, Iceland, would carry out a watching brief in Tryggvagata and Naust. Stone-built structures connected to the harbour construction in the beginning of the 20<sup>th</sup> century were discovered in the construction area. Some of these structures had been discovered before.

## Mynd vantar

| 2.5 Víkurgarður, lagnavinna                  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Vala B. Garðarsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG fornleifarannsóknir |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020060113           | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-32                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 356873 N 408260        | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 4.9.2020     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 16.9.2020         |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaeftirlit | <b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs                    |



Um framkvæmdaeftirlit við Landsímareit/Fógetagarð var að ræða. Þar sem þetta svæði er viðkvæmt og þar eru þekktar minjar allt frá upphafi landnáms til okkar tíma varð að ganga úr skugga um að engar minjar væru í hættu á meðan á lagnaframkvæmdum stóð. Það kom í ljós að sá skurður sem þurfti að grafa var ofan í eldri skurð frá 1964-1967 þegar lagnir voru lagðar meðfram viðbyggingu Landssímahússins. Engar minjar sáust og var því ekkert skráð.

**English Summary**

Location- Landssímareitur, downtown Reykjavík. Because of construction work and renewal of the old power lines and sewage-system at Landssímareitur, archaeological watching brief was needed to make sure no archaeological remains were in danger.


When the addition to the old Landssímahús was built in 1964-1967 a foundation trench was dug (as usual), and this new trench dug in connection with the pipe renewal crossed a part of the older trench and therefore no archaeological remains were detected or found.



Mynd 6. Stjórnarráðsreitur. Horft yfir hluta af drenkerfi sem lá undir öðrum og yngri mannvirkjum á svæðinu. Ljósmynd: Vala B. Garðarsdóttir.

## 2.6 Stjórnarráðsreitur

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Vala B. Garðarsdóttir        | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG<br>fornleifarannsóknir |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2019070096              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2019-86                          |
| <b>Staðsetning:</b> A 35186 N 40823             | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.1.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 23.9.2020            |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                           |



Fornleifauppgröfturinn við Stjórnarráðið fór fram í bakgarði þess og undir bílastæði Stjórnarráðshússins í miðbæ Reykjarvíkur frá september 2019 til september 2020 með hléum. Rannsóknin var tilkomin vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu og sneri rannsóknin að því að fjarlægja allan jarðveg og skrá allar þær minjar sem voru undir sverði. Alls komu í ljós 28 mannvirki á lóðinni auk tveggja hestgrafa. Flest voru mannvirkin frá seinni hluta átjándu aldar til seinni hluta tuttugustu aldar. Eitt mannvirki var eldra en Stjórnarráðshúsið, en aðeins lítinn hluta þess var hægt að rannsaka og ekki hægt að segja til um hlutverk þess. Hægt var að aldursgreina mannvirkin út frá gerðfræði bygginganna og gripum auk jarðlagasamhengisins. Þar að auki er hluta mannvirkjanna getið í heimildum og hægt að fá nákvæmari aldurgreiningu og tilgang með hjálp þeirra. Auk mannvirkja var mikið af gripum í rusla- og móóskulögum á lóðinni, en þeir voru samtíða mannvirkjunum.

**English Summary**

An archaeological excavation took place in the backyard and under the parking lot of Stjórnarráðshúsið, the Prime minister's office in downtown Reykjavík. The excavation period was from September 2019 until September 2020. The reason for the research was the intended construction of an office building on the site. All soil and archaeological remains were to be removed from the site. All remains were documented. 28 structures and two horse graves were excavated. Most of the structures were from the same time-period as the occupation of the house (Stjórnarráðshúsið), from the later part of the 18<sup>th</sup> century to the later part of the 20<sup>th</sup> century. One structure was older than that, but only a small portion of that structure was investigated. The structures were dated based on their typology and the typology of artifacts as well as their contexts. Some of the structures were mentioned in written sources which helped with the dating and determination of their purpose. A lot of artifacts were recovered in middens outside the structures, they are from the same periods as the structures.



Mynd 7. Hegningarhúsið. Horft yfir garðinn til suðurs. Ljósmynd: Howell M. Roberts.

## 2.7 Hegningarhúsið

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Howell M. Roberts            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020050098              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-17                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 357352 N 408066           | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 25.5.2020       | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 25.5.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs                           |



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort merki væru um fornleifar í garði Hegningarhússins, Skólavörðustíg 9 í Reykjavík. Teknir voru fjórir könnunarskurðir í garðinum með lítilli gröfu. Teknar voru nokkrar ljósmyndir, sniðum lýst og skissur teiknaðar.

Ekki komu fram merki um mannvirki í skurðunum, og ekki mannvistarlög að ráði. Aðeins mátti sjá lítillsháttar linsur af móösku og örlitinn kolasalla á tveimur stöðum. Klöpp er undir, á 0,8 - 1,2 m dýpi undir yfirborði.

### English Summary

The purpose of the investigation was to check for archaeological remains in the yard behind the old prison at Skólavörðustígur 9, Reykjavík. Four trenches were dug, photographs taken, sections described and sketched.


No indications of previous buildings were seen, and not much in the way of cultural layers. A few thin lenses of peat ash and a few charcoal fragments were visible in two places. At 0.8-1.2 m depth from surface there is bedrock.



Mynd 8. Hljómskálagarðurinn. Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir og Katrín Georgsdóttir nemar í fornleifafraði sigta ruslög úr skurðinum. Horft til SSV. Ljósmynd: Ágústa Edwald Maxwell.

## 2.8 Hljómskálagarðurinn – Frá öskuhaugum til urðunar

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Ágústa Edwald Maxwell  | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020050148        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-23                |
| <b>Staðsetning:</b> A 356715 N 407586     | <b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 4.8.2020  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 12.8.2020  |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |



Markmið rannsóknarinnar var að grafa upp ruslög úr einum elsta urðunarstað Reykjavíkurborgar í Hljómskálgarðinum til að bera saman við gripi úr ruslahaugum við íbúðarhús í mið- og vesturbæ borgarinnar.

2 x 2 m stór skurður var grafinn, syðst og vestast í Hljómskálgarðinum. Alls voru sex jarðlög grafin, fimm að fullu og eitt að hluta.

- 001 - yfirborðslag
- 002- blandað brúnt moldarlag
- 003 - lag með miklu af torftægjum í
- 004 - grátt leirkennt lag
- 005 - ruslslag með miklu af steinkolum
- 006 - leirkennt ruslslag, grafið upp að hluta.

Jarðlag 006 var einungis grafið að hluta þar sem það var í/undir vatnsyfirborðinu sem er hátt á þessum stað, enda var staðurinn valinn sem urðunarstaður til uppfyllingar í mýrinni sunnan tjarnarinnar.



Mikið af gripum komu úr ruslalinu. Stór hluti þeirra eru mámbrot og múrsteinabrot. Þar á eftir fylgja glerbrot og leirkerabrot. Þetta safn mun nýtast til samanburðar við gripi úr eldri ruslahaugum frá miðbæ Reykjavíkur. Þessi samanburður er mikilvægur hluti rannsóknarverkefnisins: *Frá öskuhaugum til urðunar. Fornleifafræði íslensks heimilissorps frá 1850-1990* sem unnið er við Háskóla Íslands og er styrkt af Rannsókkarmiðstöð Íslands, Rannís.

### English Summary

The aim of the excavation was to gather material from refuse deposits from one of the oldest municipal dumps in Reykjavík to compare with material from older midden deposits from private gardens in the city centre.

A trench, measuring 2x2 m, was excavated in the south-west corner of Hjómuskálagarður park. Six deposits were excavated, five fully and one partially.

001 - topsoil

002- mixed brown silt

003 - deposit with frequent turf debris

004 - gray, clayey deposit

005 - midden deposit, rich in coal

006 - clayey midden deposit, partially excavated.

Deposit 006 was only partially excavated as it was in/below the water table, which is very high in this spot, south of the pond and north of the Vatnsmýri bog.


The midden deposits excavated were very rich in artefacts. Large portion of the artefacts were pieces of metal and bricks. Next came glass sherds and ceramics. This assemblage will provide a comparison to materials from older middens from Reykjavík, which forms a central part to the research project: *From middens to landfills. The archaeology of waste disposal in Iceland 1850-1990* at the University of Iceland and funded by Rannís.



Mynd 9. Árbær. Loftmynd af uppgriftarsvæði A. Nemendur í slökun á meðan dróninn er látinn fljúga yfir. Ljósmynd: Hulda Björk Guðmundsdóttir.

## 2.9 Árbær – Fornar rætur

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Sólrún Inga Traustadóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands/Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060078           | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-37   |
| <b>Staðsetning:</b> A 362653 N 404777        | <b>Póstnúmer:</b> 110 Reykjavík                                      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 20.7.2020    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 4.9.2020                              |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn    | <b>Aðferð:</b> uppgröftur  |



Vettvangsrannsóknir stóðu yfir dagana 20. júlí - 4. september 2020 og tóku alls fimm fornleifafræðingar þátt ásamt 21 nemanda. Markmið ársins 2020 var að grafa á sömu svæðum og árin 2018-2019; svæði A (austan við uppistandandi bæjarhús Árbæjar) þar sem komið hafa í ljós leifar af mannvirkjum frá ýmsum tímum og svæði B (við smíðjuna á safnasvæðinu) þar sem öskuhaugur bæjarins er og var í notkun frá því eftir árið 1500 þangað til bærinn fór í eyði um miðja 20. öld. Einnig voru tveir könnunarskurðir (nr. 6 og 7) gerðir á bæjarhólnum. Staðsetning þeirra var valin út frá niðurstöðum jarðsjármælinga frá árinu 2018. Svæði A var stækkað eilítið í suðvesturhorni með því markmiði að ná fram heildstæðari mynd af þeim mannvirkjum sem hafa komið í ljós í lagnaskurðum. Grafir voru jarðlög sem lágu flest undir gjósku úr Kötlugosi frá árinu 1500, þ.á.m. stór og umfangsmikil torflög sem ná yfir stóran hluta svæðisins. Einnig komu í ljós leifar af gólfi og eldstæði sem tengist járnvinnslu á staðnum. Bæði gólfum og eldstæði hafði verið raskað töluvert í seinni tíð. Helstu gripir á svæði A voru brýni, alir, dönsk mynt frá 1836, járngrípír ýmiskonar og eldtinnur.

Öskuhaugurinn á svæði B einkennist af þykkum móösku- og kolalögum. Helstu gripir úr haugnum eru alur, meitill, hnifar og naglar af ýmsum gerðum, brýni, rauðleirsbrot, kljásteynar, eldtinnur og mót úr steini eða kola, auk dýrabeina, mest úr stórgripum.

Skurður 6 var gerður á svæði þar sem jarðsjármælingar sýndu afar þéttan ferningslaga flöt á um 1.3-1.6 m dýpi. Fljótlega kom þó í ljós að ekki reyndist mikil mannvist í þessum skurði þrátt fyrir að hann væri nánast staðsettur á bæjarhólnum sjálfum. Það sem jarðsjármælingarnar sýndu reyndist vera náttúrulegur jökulruðningur. Gripir í skurði 6 voru steinsleggjuhaus, flöskugler og danskur 25 eyrir frá 20. öld.

Í skurði 7 var töluvert meira um mannvistarlög. Þar var grafið niður á 1.6 m dýpi og mátti greina mannvist frá yfirborði og niður í botn. Skurðurinn var gerður 2 metra út frá austurgafli bæjarins en niðurstöður jarðsjármælinga bentu til þess að þar væri að finna sívalningslaga byggingu á um 1.3-1.6 m dýpi. Ofarlega í skurðinum komu í ljós grjóthleðslur frá gömlu hlöðunni (frá 20. öld) og á um 1 m dýpi var grjóthlaðið dren sem hefur tilheyrt bæjarhúsunum á einhverju stigi. Torfveggur fannst á um 1.3 m dýpi, en búið var að fylla bygginguna sem hann tilheyrir af móösku og rusli eftir að notkun á henni hefur verið hætt. Veggurinn hefur verið byggður eftir Kötlugos árið 1500 því gjósku úr gosinu er að finna í veggnum. Lítið af gripum fundust í skurði 7; gler ýmiskonar, hvítleirsbrot, eldtinna, járnnaclar og hnífsbrot, ásamt ógreinanlegum brotum úr járn.

### English Summary

Field research took place from July 20<sup>th</sup> to 4<sup>th</sup> of September 2020, with a total of five archaeologists and 21 students taking part. The goal for the year 2020 was to excavate the same areas as the last two years; area A (east of the current farmhouse of Árbær), where remains of structures from different times have been located and area B (next to the smithy in the museum area) where the midden is situated. The midden was in use from after the year 1500 until the farm was abandoned in the middle of the 20<sup>th</sup> century. Two test trenches (6 and 7) were opened within the boundary of the farmstead. Their location was chosen based on results of geophysical survey from the year 2018. Area A was enlarged slightly in the southwest corner with the aim of obtaining a more comprehensive picture of the structures that were discovered in profiles in modern cuts.

The midden in area B has thick layers of peat ash and charcoal. The main artefacts found within the mound are awl, chisel, knives and nails of various types, whetstones, redware pottery, loom-weights, flints and a mould made of stone that could also be a very old type of lamp (kola). The animal bones retrieved from the midden are mostly from big, domesticated animals.

Trench 6 was opened in an area where results from a geophysical survey had shown a very dense square surface at a depth of 1.3-1.6 m. It soon became apparent, however, that there was no structure in this location. What the geophysical survey showed turned out to be moraine. The artefacts found in the trench were a sledgehammer, glass bottles and a Danish coin dated to the 20<sup>th</sup> century.


Trench 7 gave better results. It was excavated at a depth of 1.6 m, revealing cultural deposits from top to bottom. The trench was opened 2 m east of the farmhouse where results from the geophysical survey indicated an oval shaped building at a depth of about 1.3-1.6 m. At the top of the trench, a stone foundation from the old barn (20<sup>th</sup> century) was discovered and at a depth of about 1 m, an earlier drainage from one of the farm buildings was found. A turf wall was found at a depth of about 1.3 m. The structure to which it belongs was filled with peat ash so it is evident that the building was used as a dumping ground in later periods, after people stopped using it. The building was constructed after the eruption of Katla in 1500. Few artifacts were found in this trench; glass of various kinds, whiteware pottery, flints, iron nails and knives with other unidentified iron fragments.



Mynd 10. Grjóthleðsla á Álfsnesi. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

## 2.10 Glóra, Álfsnesi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Ragnar Edvardsson            | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020100107              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-64                                |
| <b>Staðsetning:</b> A 365653 N 411756           | <b>Póstnúmer:</b> 162 Reykjavík                           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 19.10.2020      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.11.2020                 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                                 |



Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli grjóthleðslu sem er á athafnarsvæði Björgunar í Álfsnesi. Hleðslan var lengri en áður var talið og að auki var framhald hennar bæði við NA og SV enda hennar. Hleðslan var rekjanleg í 79 metra rétt fyrir ofan fjöruna og upp á holtið. Mosi var fjarlægður ofan af hleðslunni og kom í ljós að steinum var hlaðið beint á grýtt yfirborð og voru engin ummerki um mannvistarlög eða eldri gerð hennar.

### English Summary


The aim of the project was to examine the nature of a small stone wall, situated in the construction site of the company Björgun on Álfsnes peninsula. The stone wall was longer than previously estimated and it extended further to the north and south. The wall measured 79 meters from the beach to the top of a hill. After the removal of moss on the stone wall it became apparent that the wall was erected on top of a natural rocky foundation and neither cultural layers nor older building phases were visible.



Mynd 11. Ártún á Kjalarnesi. Yfirlitskort af könnunarskurðum. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir.

## 2.11 Ártún og Sjávarhólar, Kjalarnesi

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Vala B. Garðarsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG fornleifarannsóknir |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020090086           | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-58                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 362703 N 421609        | <b>Póstnúmer:</b> 162 Reykjavík                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.10.2020    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.11.2020         |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs                    |



Við fornleifaskráningu, sem framkvæmd var af starfsmönnum minjadeildar Borgarsögusafns Reykjavíkur í tengslum við breikkun Vesturlandsvegjar á Kjalarnesi 2018, komu í ljós bæði þekktar og óþekktar fornminjar í landi Ártúns. Um er að ræða minjaheild við bæjarhól Ártúns og stakar minjar á jörðinni. Ártún er þekkt úr heimildum allt aftur til 1575 en þá er jarðarinnar getið í máldaga Saurbæjarkirkju. Ártún var þá annað af tveimur kotum í eigu kirkjunnar. Var jörðin í búskap allt fram til 1956 þegar bærinn var yfirgefinn og lagðist í eyði. Þær minjar sem töldust vera í hættu vegna framkvæmdanna voru því rannsakaðar að beiðni Minjastofnunar Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka og greina þær minjar sem þarna eru og skrásetja umfang og eðli þeirra eins vel og kostur er. Alls voru grafnir sjö könnunarskurðir á tveimur svæðum við bæjarstæði Ártúns og í túngarð um 50 metra vestur af bæjarstæðinu. Við Sjávarhóla voru teknir þrjú könnunarskurðir.

Niðurstaðan við Ártún er sú að þar komu í ljós, auk yngstu minjanna, eldri mannvistarleifar sem má aldursgreina aftur til 10.-12.aldar. Ekki var hægt að greina eðli þeirra né umfang en ljóst er að í tveimur skurðum voru ummerki um mannvist eldri en 1226 (e.kr.) sem liggur um 1.3 m undir sverði.

Við Sjávarhóla var engin eldri mannvist greinanleg en þau mannvirki sem þegar var vitað um og búið að skrá.

**English Summary**

Because the Icelandic Road and Coastal Administration is currently widening the highway from Reykjavík and westward many known archaeological remains are situated close to the planned road line. Because of that fact further research had to be done. In total 10 test trenches were taken to make sure where and where not archaeological remains were to be found.

### 3. Vesturland



Mynd 12. Ólafsdalur. Rannsóknarsvæðið á síðasta degi uppgrافتar. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

#### 3.1 Ólafsdalur

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Hildur Gestsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090076        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-7                               |
| <b>Staðsetning:</b> A 372736 N 548580     | <b>Póstnúmer:</b> 371 Búðardalur                        |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 2.6.2020  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.7.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Menningarlandslag í Ólafsdal er einstakt á landsvísu. Þar var rekinn búnaðarskóli á árunum 1880-1907 og minjar frá tímum hans eru í öndvegi. Þar má t.d. nefna beðasléttur, náthaga og vatnsveituminjar – allt fyrirbæri sem síðar breiddust út um landið. Víkingaaldarrústir gefa dalnum tvímælalaust aukið gildi. Rannsóknnum á staðnum er ætlað að varpa ljósi á upphaf byggðar í Ólafsdal, hvers eðlis hún var í upphafi og hvernig hún þróaðist og reyna að finna vísbendingar um hvers vegna skáli var reistur á þessum sérstaka stað innst í dalnum. Lagt verður mat á hvort búsetan var samfelld eða e.t.v. árstíðabundin.

Áherslan sumarið 2020 var að grafa upp gólfög í skálatóftinni. Í ljós kom að á yngstu nýtingarskeiðum skálans hefur ekki verið samfelld byggð þar, búseta virðist hafa verið árstíðabundin. Hún markast af þunnum gólfögum í austurhlíð skálans og fjölda eldstæða (auk endurnýtingar á eldstæðum). Sáfar sem grafið var upp sumarið 2019, og tvær stórar leirfóðraðar gryfjur (önnur grafinn upp 2019, hin 2020) tilheyra þessum nýtingarskeiðum. Ekki náðist að ljúka uppgreftri á skálanum, en talið er líklegt að þau gólfög sem eftir eru tilheyri elstu búsetu í skálanum, sem hafi þá að líkindum verið heilsársbúseta.

Einnig voru unnar kannanir á öðrum tóftum á svæðinu með það fyrir augum að athuga hvort fleiri íveruhús væri þar að finna. Í ljós kom að það sem var áður talið vera inngangur við suðvestur horn skálans er annað minna íveruhús byggt þétt upp við skálann. Einnig kom í ljós að tvær tóftir sunnan við skálatóftina eru með gólfögum, líklega íveruhús. Tekin voru sýni í kolefnagreiningu úr báðum þessum tóftum.

### **English Summary**

The main aim for the 2020 season was to excavate the floor deposits in the longhouse. This revealed that it is unlikely that there was continuous occupation of the longhouse in the youngest phases of its use, but rather seasonal use marked by thin flood deposits along the eastern edge of the structure along with the establishment (and re-use) of multiple hearths. A barrel pit and two clay lined pits (excavated 2019/2020) belong to these phases. The excavation of the floors was not completed during the 2020 season. It is thought however that those which remain belong to the oldest phase(s) of occupation when the longhouse saw continuous occupation.

Preliminary coring and trenching around the site revealed that what was originally thought to be an entrance at the southwestern corner of the longhouse is a second building, slightly smaller, but built tightly against its western wall. It was also revealed that two of the structures to the south of the longhouse have trampled charcoal floors indicating human occupation. Samples for radiocarbon dating will hopefully reveal that date of the structure.





Mynd 13. Ólafsdalur, framkvæmdir. Yfirlitskort af uppgriftarsvæði. Ljósmynd/kort: Hólmfríður Sveinsdóttir.

### 3.2 Ólafsdalur, framkvæmdir

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Hólmfríður Sveinsdóttir      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020080077              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-50                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 372552 N 549546           | <b>Póstnúmer:</b> 371 Búðardalur                        |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.9.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.9.2020                 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir                          |



Vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar á smiðju og byggingu tæknihúss í Ólafsdal fór Minjavernd þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að gera fornleifakönnun á svæðinu áður en framkvæmdir hæfust. Grafnir voru tveir skurðir, einn í gegnum smiðjustæðið og annar í fyrirhugaðan reit tæknihúss. Í báðum könnunarskurðum fundust mannvistarlög.

#### Könnunarskurður 1 (smiðja)

Smiðja stóð austan við íbúðarhúsið í Ólafsdal og var reist í tengslum við uppbyggingu staðarins á tímum Búnaðarskólans á seinni hluta 19. aldar. Eldri smiðjan er talin hafa verið reist þarna fyrir 1888 og stóð sú til u.þ.b. 1898/1899 en þá var önnur reist á sama stað og var rifin upp úr 1930 (Birna Lárusdóttir 2018, 15-16).

Á yfirborði sést móta fyrir grjóthlöðnum undirstöðum veggja. Vélgrafinn var skurður A-V þvert yfir smiðjustæðið. Upplýsingar um hvernig húsið var byggt voru skráðar. Þeir gripir sem fundust styðja við þekkta tímasetningu hússins frá seinni hluta 19. aldar til 20. aldar.

#### Könnunarskurður 2 (tæknihús)

Áætlað er að reisa tæknihús neðan/norðan við íbúðarhúsið í Ólafsdal, á skurðbakka þar. Vélgrafinn var skurður þvert yfir reitinn N-S. Á svæðinu hafa farið fram umtalsverð jarðvegsskipti allt að hálfum metra undir sverði. Þar undir var hreyft moldarlag og þá raskað moldarblandað lag með móösku og kolum. Líkist það lagi sem fundist hefur víðar kringum Ólafsdalsbæinn og virðist vera af því tagi að borin hafi verið út aska í kring, e.t.v. jarðabætur (Jakob Orri Jónsson o.fl. 2019, 21). Engir gripir fundust í skurðinum.

**Heimildir:**

Birna Lárusdóttir (ritstjóri). 2018. Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð; Fornleifaskráning með landsháttagreiningu. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2019. Forkönnun vegna framkvæmda við fjós í Ólafsdal við Gilsfjörð. FS755-19181. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

**English Summary**

In the valley Ólafsdalur plans are to renovate the smithy of the former agricultural school and to build a new a service house by Minjavernd. The smithy was erected prior to 1888 and went out of use after 1930 (see Birna Lárusdóttir 2018, 15-16). The stone foundations of the smithy are still visible east of the main house. The Institute of Archaeology (Fornleifastofnun Íslands ses.) carried out an archaeological investigation prior to further construction. Two test trenches were excavated, one on the smithy site and another where the service house is planned.

Archaeological deposits were present in both trenches.

Test trench 1 (Smithy)

Test trench 1 uncovered remains of a house, wall foundations and occupation deposits.

Recovered artefacts support late 19<sup>th</sup> - 20<sup>th</sup> century date.

Test trench 2 (Service house)

In Test trench 2, mixed deposits were prominent. One deposit of mixed silt, peat ash and charcoal was detected similar to ash/charcoal rich deposits previously uncovered in the proximity to the late 19<sup>th</sup> century farmstead in Ólafsdalur (Jakob Orri Jónsson o.fl. 2019, 21). No artefacts were retrieved from the trench.

**References:**

Birna Lárusdóttir (ed.). 2018. Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð; Fornleifaskráning með landsháttagreiningu. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2019. Forkönnun vegna framkvæmda við fjós í Ólafsdal við Gilsfjörð. FS755-19181. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

## 4. Vestfirðir

### 4.1 Bíldudalur, kaupmannstún

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Óskar Leifur Arnarsson      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> sjálfstætt starfandi |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020100115             | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-65                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 2887850 N 58426          | <b>Póstnúmer:</b> 465 Bíldudalur               |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>                | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>                 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdaefirlit | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                   |




Eyðublaði hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 14. Hrafnseyri. Yfirlitsmynd af skurðum tekin með dróna. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 4.2 Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2019070059               | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-39                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 296285 N 591803            | <b>Póstnúmer:</b> 466 Bíldudalur                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.8.2020         | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 28.8.2020          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn        | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Í túninu á Hrafnseyri undir Bælisbrekkunni voru teknir þrjár skurðir þar sem borkjarnar höfðu sýnt gólfög. Skurðirnir fengu bókstafina A, B og C.

Skurður A var staðsettur nærri öskuhaugi og þar sem gamla heimreiðin kom inn á túnið. Skurður A var 2 m á breidd og 5 m á lengd. Í skurðinum kom í ljós gólfagið, það var kolsvart og feitt með brenndum og óbrenndum beinum í. Þegar gólfagið kom í ljós var ákveðið að grafa það ekki frekar og yfirborðslag látið vernda restina af gólfinu þar sem tilgangi skurðsins var náð til að staðfesta gólflag. Skurður B var staðsettur 20 m norðvestur af Skurði A og ofar í brekkunni til þess að finna vegg. Skurður B var 7 m að lengd og 2 m að breidd. Torfveggur fannst í skurðinum. Upp að veggnum var lag sem hafði mikið af grófu grjóti. Ofan á torfveggnum sem kom fram í skurðinum var móöskulag og var skærappelsínugult með kolum í. Suður af torfvegg var lag sem var mjög laust í sér og ormétið. Undir því var annað lag sem virtist vera yfirborð, mjög þétt með mikið af kolum sem smitast hafa í lagið og litað það en þó ekki gólf. Minnti þetta lag á þétt lög á bekkjum.

Skurður C var um 2 m suðvestan við Skurð B. Skurðurinn var 1 x 0,50 m og eins og við var að búast var gólflög þar og steinn sem virðist mögulega hurðasteinn því hann hefur hringlaga holu sem ekki virtist náttúruleg.

Út frá borkjörnum og könnunarskurðum má telja nær fullvist að í túninu á Hrafnseyri undir Bælisbrekku sé skáli og virðist hann mjög stór. Þar komu í ljós gólflög og torfveggir. Passar það vel við staðsetningu á öskuhaug sem og smáhýsi.

### **English summary**

Three test trenches were excavated in the field at Hrafnseyri under the Bælisbrekka hill where previous core samples had been taken and showed evidence of floor layers. The test pits were given the letters A, B and C.

Trench A was located near the midden and where the old driveway was up to the farm. The trench was 5 m long and 2 m wide. The purpose of the trench was to locate the floor layer. Floor layer was found in the trench and therefore decided not to excavate further, letting the remaining surface layer preserve the floor layer. Aims of the trench were met with finding the floor.

Trench B was located 20 m northwest of Trench A and closer to the hill. The trench was 7 m long and 2 m wide. A turf wall was found within the trench. Abutting the wall was a layer that contained angular stones. On top of the turf wall was a layer of bright orange peat ash with charcoal flecks. South of the wall was a loose bioturbated layer overlying a compact layer with charcoal flecks. This layer could be interpreted as bench layer as it was different to the floor layer found.

Trench C was located 2 m southwest of Trench B. The trench was 1 m long and 0,5 m wide. As was expected, a floor layer was encountered in the trench. A possible door stone with a carved hole, not believed to be natural, was found in the trench.


From the core samples and test trenches it can be concluded that at Hrafnseyri under the Bælisbrekka hill is a longhouse, and it seems to be exceptionally large. Floor layers and a turf wall were found and that fit with the location of the midden and pit house that have been previously located in the field.



Mynd 15. Auðkúla. Yfirlitsmynd af skála og smáhýsi tekin með dróna. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

### 4.3 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060065               | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-38                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 294566 N 592183            | <b>Póstnúmer:</b> 466 Bíldudalur                  |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.8.2020         | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 28.8.2020          |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn         | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                         |



Markmið vísindarannsóknar á Auðkúlu var að grafa þær stoðarholur sem fundust árið áður sem ekki gafst tími til að rannsaka, finna stoðarholur, fá vegg skálans greinilega fram, svara ósvörðum spurningum í viðbyggingu skálans og að rannsaka jarðhýsi/ smáhýsi rétt sunnan við skálann.

Við rannsóknina á skálanum voru grafnar upp 34 stoðarholur, 27 þeirra voru innan skála og voru sjö þeirra utan við skála. Stoðarholur innan skála voru til að halda undir þak og þil við vegg, og stoðarholur utan skála voru túlkaðar sem einhvers konar stuðningsstoðir til að halda við vegg og þak.

Ekki var hægt að greina hvaða hlutverk viðbyggingin hafði en talið er að þar hafi verið búr eða svefnklefi þar sem möguleg sáför fundust og var lítið eldstæði staðsett þar. Viðbyggingin virðist hafa verið byggð seinna. Það sem gaf það í skyn var að veggir þess voru þynnri en veggir skálans, skuggi var sjáanlegur á náttúrulegu yfirborði þar sem upprunalegur veggur hafði verið og voru tvær rennur staðsettar þar sem líklegur bakinnangangur var áður staðsettur.

Utan við suðurhlíð skálans voru tveir sérkennilegir torf og steinalagðir hálfhringlaga strúktúrar sem voru túlkaðir sem stuðningsstoðir fyrir vegg og þak líkt og stoðarholurnar að utan.

Talið var að tóftin sunnan við skála hafi verið fjós en með rannsóknum í sumar kom í ljós að þar væri jarðhýsi, eða réttara sagt smáhýsi, þar sem miðja hússins var ekki grafið niður í jörðu og voru veggir þess byggðir upp á náttúrulegu yfirborði. Öðruvísi torf var notað í vegg smáhýsisins og skálans og er líklegt að húsin hafi verið byggð á mismunandi tímum. Í smáhýsinu var stórt eldstæði eða ofn sem hafði mikið af eldsprungnum og sótuðum steinum. Loftgat var í gegnum vegginn við eldstæðið og var það sjáanlegt í sniði bæði að innan og utan. Gólfíð var heldur þunnt og var það þykkast fyrir miðju og fjaræði svo út nær veggjum eða um 0,5 m út frá suður- og norðurveggjum og var ályktað að bekkir hafi verið þar. Í smáhýsinu fundust fimm stoðarholur og voru fjórar þeirra sunnan megin í húsinu og ein á norðurbekk. Líklegt er að fleiri hafi verið á þeirri hlið eða að þar hafi verið notaðir stoðarsteinar. Erfitt er að segja til um hvert hlutverk smáhýsisins var að svo stöddu út frá þeim fáu gripum sem fundust, en líklegt er að þar inni hafi farið fram starfsemi tengd vinnu með textíl og að þar hafi verið eldað. Með greiningu á sýnum sem voru tekin úr gólfi hýsisins er vonandi hægt að komast að frekari notkun hússins.

Sem hluti af fornleifarannsókninni var framkvæmd fjarkönnun. Markmið verkefnisins var að skrá og mæla upp fornleifar í Arnarfirði með ljósmyndum og hitamyndum teknum úr flygildi og myndirnar unnar í kort með notkun myndmælinga.

### English summary

The main aim of the scientific research project at Auðkúla was to excavate postholes found the year before that were unexcavated, locate postholes, find the extents of the walls, answer unanswered questions in the annex and excavate the pit house south of the longhouse.


A total of 34 postholes were excavated, 27 of them were within the longhouse and seven outside the building. The postholes within the longhouse were structural posts for the walls and roof, and the postholes outside were interpreted as supporting posts for the wall and roof outside the building. It is not known what function the annex had but it is likely that it was the location of a pantry or sleeping area, where possible barrel pits and a small hearth were located. It is likely that the annex was built later than the main building. Supporting that is that the walls were thinner than in the longhouse, a shadow from where the original wall was located was visible on the geological surface and two gullies were where a possible back entrance was located before. Outside and abutting the southern wall were two stone lined half circles, interpreted as platforms for supporting posts for the wall and roof. Believed to have the same function as the supporting postholes found outside the walls.

In the previous years it was believed that the structure on the southern side of the longhouse was a byre but with further investigations this year it was concluded that the structure was a pit house. The pit house was not dug into the geological surface, like other pit houses found in Iceland. different type of turf was used in the construction of the house than in the longhouse. The pit house had a large fireplace that contained a large number of fire cracked and heat affected stones. Through the wall and into the fireplace was a flue that was visible in sections inside the fireplace and on the outside wall. The floor layer was thin but was thickest in the middle and then faded out at approximately 0,5 m up to the south and north walls, this was interpreted to be the benches within the pit house. Five postholes were located within the pit house, four on the southern side and one on the northern side. It is likely there were more postholes on the northern side that were not visible during excavation or that post pads were used. It is difficult to distinguish the

function of the house from finds, but it can be concluded that work with textile and cooking was done within the pit house. With further analysis of samples, a possible function of the pit house can be distinguished.

As part of the project a remote sensing survey was conducted where a drone was used to record archaeology in Arnarfjörður, with photographs and heat images used to produce maps.






Mynd 16. Snið öskuhaugs í Sandvík. Ljósmynd: Hówell M. Roberts.

#### 4.4 Sandvík á Ströndum

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2018060076             | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-8                               |
| <b>Staðsetning:</b> A 388673 N 580721          | <b>Póstnúmer:</b> 520 Drangsnæs                         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 9.8.2020       | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 22.8.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>björgunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |



Fornleifarannsóknin í Sandvík er liður í rannsóknum á landnámi og þróun þess á Ströndum. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til rofs við sjávarsíðuna. Ábúendur höfðu vakið athygli á beinum og gripum sem fallið höfðu úr rofabarði við sjávarsíðuna sem leiddi til þess að rannsókn hófst á staðnum til að kanna umfang og eðli minjanna. Í rofabarðinu var öskuhaugur frá víkingaöld sem leiddi til frekari rannsókna. Árið 2020 hófst uppgröftur á þeim minjum sem voru í hvað mestri hættu vegna ágangs sjávar. Hluti öskuhaugsins var grafinn, ásamt smáhýsi, en að auki komu í ljós lýsisgryfja, sem grafin var að hluta til, og annað mannvirki, en hlutverk þess er óþekkt þar sem það var ekki rannsakað frekar. Benda minjarnar til þess að í Sandvík hafi verið lítið smábýli/nytjastaður sem byggði afkomu sínu að mestu á sjávarútvegi ásamt því að halda lítinn stofn húsdýra. Talið er að byggð hafi lagst snemma af í Sandvík, líklegast fyrir 1100 en sú fullyrðing krefst frekari rannsókna.

#### English summary

The archaeological excavation in Sandvík is part of a larger project called Settlement and marine landscape in Strandir, NW Iceland. Due to sea erosion, bones and artefacts have fallen from an erosion bank in a small bay called Sandvík in NW Iceland. Preliminary research revealed a midden from the settlement period. In 2020 an archaeological

excavation was conducted on the area which was in most threat from sea erosion. Part of the midden was excavated as well as a small rectangular structure with a stone lined oven and part of a blubber pit. The excavation also revealed a new structure which has not been excavated. The main results suggest that there was a small settlement farm in Sandvík which was heavily reliant on marine resources and subsidised by small scale farming. The farm was in use for a relatively short time and was most likely abandoned before 1100 but that still needs to be confirmed.


## 5. Norðurland vestra



Mynd 17. Þingeyrar. Teiknilag C-5. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson.

### 5.1 Þingeyrar í Húnaþingi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020039          | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-26                |
| <b>Staðsetning:</b> A 435293 N 562331       | <b>Póstnúmer:</b> 541 Blönduós            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.8.2020   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 28.8.2020  |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn    | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                 |



Fornleifauppgröftur fór fram í annað sinn á Þingeyrum í Húnaþingi dagana 10.–28. ágúst árið 2020. Uppgröfturinn fór fram á sama svæði og árið 2018 en það var þó minnkað um tvo metra úr norðri og var svæðið því 10x8 metrar. Við uppgröftinn kom í ljós þykkur og vel varðveittur veggur frá klausturtíma sem liggur í NV/SA þvert yfir uppgraftarsvæðið. Veggurinn kann að hafa tilheyrt klausturkirkjunni sjálfri eins og jarðsjármælingar sem gerðar voru á svæðinu 2014 þóttu benda til, en erfitt er að staðfesta það að svo stöddu. Fróðlegt væri að stækka svæðið og fylgja veggnum eftir en einnig er vonast til þess að gólfög eða önnur mannvistarlög finnist við vegginn sem varpað gætu ljósi á hlutverk hans. Ljóst er þó að slík mannvistarlög kunna að vera á miklu dýpi. Auk veggjarins frá klausturtíma var grafið í yngri torfvegg sem fannst sumarið 2018. Sá veggur er sennilega frá 19. öld og er mjög raskaður af steiptum grafhýsum með þaki úr timbri og jární sem reist voru á svæðinu á fyrstu áratugum 20. aldar. Svæðið allt er raunar töluvert raskað af yngri gröfum enda er það staðsett innan gamla kirkjugarðsins. Sumarið 2020 var grafið í fimm grafir en bein úr þeim voru færð í núverandi kirkjugarð Þingeyra. Þó var hreyfðum beinum ungabarns úr annarri steypugrófinni skilað til Þjóðminjasafnsins.

#### English summary

Archaeological excavations were carried out at Þingeyrar, Húnaþingi county, for the second time during the period 10–28 August 2020. The excavation took place in the same area as


in 2018 but it was reduced by two meters from the north, so it was 10x8 m. During the excavation, a thick and well-preserved turf wall dating to the monastic period was found. The wall lies in NV/SA across the excavation area. Resistance survey previously carried out in the area has revealed the outlines of a possible church situated there but further research is needed to determine what the nature of the wall. In addition to the wall from the monastic period, a 19<sup>th</sup> century turf wall which was found in 2018 was excavated. This wall has been disturbed by two concrete burials with wooden and iron roofs, constructed in the early 20<sup>th</sup> century. As the excavation area is situated within the old cemetery at Þingeyrar, the whole area is in fact disturbed by recent burials. Five graves were excavated in 2020 but the human remains were moved to the present cemetery at Þingeyrar with the exception of disturbed bones from an infant which were retrieved from one of the concrete burials and handed in to the National Museum of Iceland.



Mynd 18. Grófgil. Snið úr skurði sem sýnir afstöðu ruslaga (neðst) við gjóskulög. H 1104 áberandi hvít. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 5.2 Grófgil í Skagafirði

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020050139               | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-22                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 477931 N 562970            | <b>Póstnúmer:</b> 561 Varmahlíð                   |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 2.6.2020         | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.6.2020           |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn     | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Framkvæmdarannsóknin fólst í því að hafa eftirlit með því þegar bygging úr timbri, torfi og grjóti var rifin á bænum Grófgili. Rífa þurfti allt timburverk í húsinu sem og torfveggi vegna hættu á riðusmiti. Húsið var byggt um 1940 á eldri rústum og var notað sem hús undir þarfanaut sveitarinnar. Einhvern tímann á sl. áratugum hafði húsið verið stýtt að sögn ábúanda. Byrjað var á að rífa allt timburverk og grafa upp mikið magn af mykju sem hafði safnast inn í húsið en smitefni geta leynst í skít. Þá kom í ljós að í húsinu frá 1940 hafði verið gólf hlaðið úr grjóti. Í samráði við minjavörð Norðurlands vestra var ákveðið að frekari aðgerða væri ekki þörf við niðurrif hússins þar sem eldri byggingar voru ekki í hættu vegna framkvæmda við smitvarnir. Leifar hússins verða þaktar með jarðvegi.

Grafa þurfti riðugröf á bænum þar sem koma átti fyrir mögulegu smitefni. Þessar grafir eru stórar og var ákveðið að gera könnunarskurð fyrst í gili þar sem taka átti gröfina. Strax við fyrstu skóflustungu var ljóst að ruslahaugur var í skurðinum og náði hann yfir um 7 m af skurðinum sem var alls um 50 m langur. Ruslahaugurinn var í aflíðandi brekku. Riðugryfjan var því færð frá

mannvistarlaginu sem kom fram í skurðinum og lagið grafið upp. Við þá rannsókn kom fram að ruslslag þetta var líklega frá landnámsbýli sem að öllum líkindum hefur staðið ofar á hæðinni. Ekki var vitað um býli á þessum stað en bæjarhöllin á Grófargili er sunnan við læk sem skilur á milli. Þar hefur bæjarstæðið verið aldursgreint frá tímabilinu 1000-1104. Ruslalagið var undir H 1104 og Vj 980 og jarðvegssöfnun áður en síðarnefnt lag féll. Því er ljóst að byggð á Grófargili hefur hafist á landnámsöld og mögulega verði færð síðar suður yfir lækinn. Líka er möguleiki á að búið hafi verið á báðum stöðum. Nokkrir gripir mjög dæmigerðir fyrir landnámsöld fundust sem og vel varðveitt óbrennd bein. Mikið magn af eldsprungunum steinum var í laginu.

### English summary


The research comprised of a watching brief when a house made of timber, turf and stones was demolished on the farm of Grófargil. All the timber in the house had to be demolished as well as turf walls because of the risk of contamination of a sheep disease, scrapie (riða). The house was built around 1940 on older ruins and was used as a house for cattle. Sometime in the past, the house had been shortened, according to the farmer. A digger started to tear down all timber and dig up a large amount of manure that had accumulated in the house, but infectious particles can hide in manure.

Older structures were not in any danger of being damaged after this took place. The site as it was will be buried in gravel and older structures will be preserved in the ground.

Due to the scrapies contamination on the farm a large hole had to be excavated by a digger to bury the contaminated soil and timber from the outhouses. The spot for the hole had been decided and a test trench was made. The test trench was in total 50 m long. In 7 m of the trench an occupation layer from a midden was discovered. The layer was underneath two tephra layers from Hekla AD 1004 and Vatnajökull AD 980. It was clear that a settlement farm had been located near, most likely on, the top of the hill. Another location of the farm was south of a river crossing the farm field. That farm had been researched by another group of archaeologists and dated to 1000-1104. It is likely that the farm on the north side of the river was the first settlement and the farm then moved to the field across the river or they were occupied simultaneously. The cultural layer of the midden contained artifacts common to the settlement time. Well preserved unburied bones were found in the layer as well as a lot of fire stones.

## 6. Norðurland eystra

| 6.1 Svarfaðardalur                        |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lilja Björk Pálsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020080061        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-22                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 517472 N 597058     | <b>Póstnúmer:</b> 621 Dalvík                            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>           | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>                          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |




Eyðublaði hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 19. Hrísey. Skurður 3 í Saltnesi, horft til suðausturs yfir túnið í Saltnesi. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

## 6.2 Saltnes og garðlög í Hrísey

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Orri Vésteinsson       | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2019070091        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-27                |
| <b>Staðsetning:</b> A 610957 N 527944     | <b>Póstnúmer:</b> 630 Hrísey              |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.7.2020 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.10.2020 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs             |



Markmiðið var að kanna með kjarnabor mannvistarleifar á tveimur bæjarstæðum í Hrísey, Saltnesi og Miðbæ, og freista þess að tímasetja þau. Einnig að kanna afstæðan aldur þriggja garðlaga þar sem þau koma saman. Niðurstöðurnar voru þær að mjög lítið er eftir af óröskuðum mannvistarleifum í Saltnesi en þar eru ummerki um mannvist fyrir 1104 og sennileg hefur verið búið þar í skamman tíma á 10. og 11. öld, en ummerki fundust líka um nýtingu bæjarstæðisins á seinni öldum sem eru þó eldri en býlið sem stofnað var í Saltnesi 1932. Í miðbæ er mun meira af óröskuðum mannvistarleifum og staðfesti borkjarnakönnunin í grófum dráttum þá mynd sem sést á yfirborði. Í Miðbæ var komin byggð fyrir 1104 og virðist hafa haldist stöðug fram á 14. eða 15. öld. Skurðir í garðmót sýndu að garðurinn sem liggur þvert yfir eyna, og er nú á merkjum Syðstabæjar og Ystabæjar er yngri en tveir lang-garðar sem liggja úr Syðstabæjarlandi, og jafnframt sýndi skurður í túngarð Miðbæjar að sá garður er yngri en annar lang-garðurinn. Allir garðarnir voru byggðir fyrir 1104 en ummerki sáust um að þvergarðinum hafði verið haldið við lengra fram á miðaldir.

### English summary

A coring survey and limited test trenching revealed that the site Saltnes in Hrísey was occupied in the 10<sup>th</sup>-11<sup>th</sup> century and had been abandoned before 1104 although there was some reuse of parts of the homefield in early modern times - prior to the establishment of




a new farm in 1932. In Miðbær settlement also started before 1104 but lasted much longer, to the 14<sup>th</sup>/15<sup>th</sup> centuries. Its homefield boundary and an east-west boundary that traverses the island both post-date two north-south oriented earthworks that are clearly relics of an earlier landscape division.



Mynd 20. Akureyri, Aðalstræti 12b. Yfirlitskort af svæðinu. Ljósmynd/kort: Vala B. Garðarsdóttir.

### 6.3 Aðalstræti 12b, Akureyri

|   |  |
|---|--|
| <b>Leifyfishafi:</b> Vala Björg Garðarsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG-fornleifarannsóknir |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020090023            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-51                       |
| <b>Staðsetning:</b> A 541981 N 875146         | <b>Póstnúmer:</b> 600 Akureyri                   |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 9.9.2020      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 10.9.2020         |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn  | <b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs                    |



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð við Aðalstræti 12b Akureyri, var farið þess á leit við VG-fornleifarannsóknir að framkvæma þar fornleifakönnun. Lóðareigandi, Hjörleifur Hallgríms Hólmbertsson er verkkaupi.

Samkvæmt lögum um menningarminjar ber framkvæmdaraðila að láta gera rannsókn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði ef raska á minjum. Minjastofnun Íslands setti því kröfur á lóðareiganda að rannsaka svæðið áður en frekari ráðstafanir yrðu gerðar þar sem vitað er að þarna stóðu eldri mannvirki.

Markmið rannsóknarinnar var því að komast að því hvort sýnileg ummerki væru um þau mannvirki og mannvist sem flokkast sem fornminjar og eru þekkt úr heimildum og eins að kanna til hlítar hvort vísbendingar um mögulega eldri mannvist væru á svæðinu. Niðurstaðan var sú að engin eldri mannvist er á svæðinu en þekkt er úr heimildum.

#### English summary

The aim of the research was to find out whether there were any remains of older structures known from sources left on site as well to find out whether there were any older and unknown remains to be found.


The conclusion was that there is no older remains in the area than is known from sources.



Mynd 21. Hofstaðir, Í Brekkum. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu við lok uppgrftar. Myndin nær yfir það svæði sem skráð var sem tóft 3. Horft í vestur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

#### 6.4 Hofstaðir, Í Brekkum

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Hildur Gestsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016090109        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-35                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 584692 N 569539     | <b>Póstnúmer:</b> 660 Mývatn                            |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.7.2020 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 7.8.2020                 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> uppgröftur                               |




Sumarið 2020 var fimmta árið af rannsóknum á bæjarstæðinu í Brekkum. Fram að þessu hafa rannsóknirnar verið forrannsóknir á bæði bæjarstæði Brekkna og heimatúni Hofstaða, með jarðsjármælingum, borkjarnarannsóknum og prufuskurðum. Megináhersla vettvangsvinnunnar sumarið 2020 var að hefja uppgröft á bæjarstæðinu og var byrjað á að rannsaka tóft 3, sem talin var vera útihús á bæjarstæðinu. Opnað var svæði (2x7 m) yfir það sem skráð hafði verið sem suðurútrveggur tóftarinnar. Í ljós kom að það sem talið var vera veggur reyndist vera skorinn bakki, að hluta í vegghleðslu sem lá í vesturenda uppgraftarsvæðisins. Komið var niður á svört kolalög (gólf?) í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins. Fyrri borkjarnarannsóknir sýndu að við norðurenda tóftar 3 eru torf- og móöskulög. Niðurstaða rannsóknarinnar er því að á því svæði sem skráð var sem tóft 3 séu að minnsta kosti tvær tóftir, ein suðvestan við uppgraftarsvæðið 2020 og önnur norðan við það. Allar minjar sem grafnar voru upp voru undir V-sv 940 gjóskulaginu, og staðfesti því rannsóknin fyrri niðurstöður um aldur þessa minja.

**English summary**

2020 saw the fifth season of the investigation of the í Brekkum farmsite. The last seasons have focused on preliminary investigations of both the í Brekkum site as well as the entire homefield of the Hofstaðir farm, through geophysical- and coring surveys as well as targeted trial trenching. The 2020 season saw the start of the excavation of the farm site. The excavation focused on structure 3, thought to be an outhouse associated with the farm. An area (2x7 m) was opened over what was thought to be the southern wall of the structure. The excavation revealed that what had been recorded as a wall was a bank that had been cut, partially into a wall which lay in the western end of the excavation. Dark charcoal deposits (floor?) were revealed in the southwestern corner of the site. Coring had revealed turf- and peat-ash deposits in the area north of the excavation. The results of the excavations suggest that what was recorded as a single structure (strc. 3) is most likely two separate structures, one southwest of the excavation area and the other north of it. All the cultural deposits excavated were sealed by the S-vs 940 tephra, confirming previous dating of the site.

## 6.5 Fornir garðar á Laxárdalsheiði

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson          | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b><br>Fornleifafræðistofan |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020080032              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-45                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 584567 N 575737           | <b>Póstnúmer:</b> 641 Húsavík                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>                 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>                    |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |




Eyðublaði hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 22. Húsavík. Könnunarskurður í túngarð við hjúkrunarheimilið Hvamm. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

## 6.6 Hjúkrunarheimilið Hvammur, Húsavík

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020090113              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-60                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 575357 N 617980           | <b>Póstnúmer:</b> 640 Húsavík                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 12.10.2020      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 13.10.2020         |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Framkvæmdarannsóknin fólst í gerð könnunarskurðar í túngarð sem mun lenda undir nýbyggingu á lóðinni fyrir hjúkrunarheimilið Hvamm við Heilbrigðisstofnun Húsavíkur. Grafinn var 3 m langur skurður þvert á túngarðinn til að rannsaka umfang hans og aldursgreina. Við uppgröftinn var talið að túngarðurinn hefði verið reistur ofan á landnámsgjósku. Við frekari athuganir kom í ljós að ekki var um landnámsgjósku að ræða, heldur forsögulega gjósku. Túngarðurinn var reistur eftir að tún var sléttað og var í notkun árið 1919 samkvæmt túnakorti. Aldur túngarðsins er því líklega frá 19.-20. öld. Engin merki voru um að garðurinn hafi verið lagaður eða endurgerður og bendir það til þess að hann hafi ekki verið lengi í notkun.

Á meðan fornleifafræðingur var við störf á svæðinu var hafist handa við að grafa jarðvegskönnunarskurði. Þar sem talið var að landnámsgjósku væri að finna í laginu undir túngarðinum var því haft samband við minjavörð Norðurlands Eystra vegna frekari aðgerða. Var því ákveðið að fornleifafræðingurinn á staðnum myndi hafa eftirlit með uppgreftri á jarðvegskönnunarskurðunum og skrá ef minjar væru að finna.

Alls voru 6 könnunarskurðir grafnir á svæðinu, fimm smáir skurðir og einn langur. Engar minjar fundust við eftirlitið á jarðvegskönnunarskurðunum.


Raskaður jarðvegur með forsögulegri gjósku var beint undir yfirborðslaginu og gjóskulag H3 (Hekla 950 f.Kr) beint þar undir.

### **English summary**

The archaeological evaluation consisted of the excavation of a test trench through a field boundary that will fall under construction for the nursing home at Hvammur in Húsavík. A 3 m long trench was excavated across the field boundary to determine its extent and age. On site it seemed like the field boundary was built on top of the settlement layer. However, with post ex analysis it was concluded that the layer under the field boundary was not the settlement layer but a disturbed layer containing prehistoric tephra. The field boundary was built after the field had been ploughed and was visible on field maps from the year 1919 (túnakort), therefore the field boundary dated from the 19-20<sup>th</sup> century. There was no evidence of the field boundary being fixed or rebuilt concluding that it was not used for a long period of time.

While the archaeologist was on site, excavations started on geological test pits within the field boundary and in correspondence with Minjastofnun Íslands it was decided to monitor the geological test pits.

In total there were six test pits excavated on the site, five small and one large. No archaeological features were encountered during the watching brief on the geological test pits. Disturbed layer with prehistoric tephra was under the surface layer, overlying tephra layer from H3 (Hekla 950 BC).



Mynd 23. Fremri-Fjöll. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins en rauði hringurinn liggur umhverfis tóftina sem var rannsökuð. Mynd: Loftmyndir/Stefán Ólafsson.

## 6.7 Fremri-Fjöll í Kelduhverfi

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Stefán Ólafsson        | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020060074        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-30                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 592270 N 618613     | <b>Póstnúmer:</b> 671 Kópasker                          |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.8.2020 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.8.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |



Í ágúst 2020 var gerður út rannsóknarleiðangur að Fremri-Fjöllum sem er rústaþyrping í landi Fjalla í Kelduhverfi. Þar er að finna 10 tóftir og umfangsmikið garðakerfi. Tilgangurinn var að athuga hvort tóft, sem á yfirborði var álitin hafa verið íverutóft, hefði gólfög og eldstæði til að styðja þá kenningu. Ummerki um gólf og eldstæði fundust og voru sýni tekin til aldursgreiningar. Tóftin var 46x15 m að stærð og sneri suð-suðvestur og norð-norðaustur. Greina mátti um fimm hólf í tóftinni og voru tekin borkjarnasýni úr þeim öllum. Alls voru teknir 16 borkjarnar. Gólf og eldstæði fundust í syðsta rýminu og var þar jafnframt grafinn litill könnunarskurður til að afla kolasýnis sem senda mætti í C14 greiningu.

### English summary

In August 2020, a small research excavation was carried out in Fremri-Fjöll, Kelduhverfi. Fremri-Fjöll is most likely an abandoned farm where 10 ruins and an extensive garden system have been surveyed. The purpose with the excavation was to find out whether the main ruin had floor layers and a fireplace. The ruin was 46x15m in size and turned south-southwest and north-northeast. There are about five compartments in the ruin. In search of floor layers and fireplace, core samples were taken from all of them. A total of 16 drill



cores were taken. Floors and fireplaces were found in the southernmost compartments, and a small test trench was excavated there to obtain a charcoal sample that could be sent for C14 analysis.


## 7. Austurland



Mynd 24. Arnórsstaðir á Jökuldal. Horft yfir rannsóknarsvæðið til ANA. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.

### 7.1 Arnórsstaðir, Jökuldal

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Lilja Björk Pálsdóttir    | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020080059           | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-46                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 536418 N 677867        | <b>Póstnúmer:</b> 701 Egilsstaðir                       |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 24.8.2020    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 30.8.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |



Markmið með rannsókninni var að meta umfang og ástand fornleifa í og við fyrirhugaða veglínu sem liggur um heimatún Arnórsstaða. Rannsóknaráætlun byggði á mótvægiskröfum Minjastofnunar Íslands. Voru í því skyni vélgrafnir fimm skurðir þar sem fornleifa var að vænta samkvæmt fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses. (Kristborg Þórsdóttir, 2020. Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða. FS778-19431.) Jarðfræðingur mætti á staðinn til að kanna gjóskulög með það að markmiði að aldursgreina minjarnar. Niðurstöður hans liggja ekki fyrir nú en eru væntanlegar á næstunni. Grafið var niður að fornminjum með gröfu en frekari mokstur og hreinsun fór fram með handafli. Farið var í gegnum áfok og byggingahrún á stöku stað svo betur mætti ákvarða dýpt mannvistar. Ekki var þó grafið í gegnum veggj eða gólfög. Snið skurðanna voru teiknuð auk þess sem flatarteikningar voru gerðar þar sem við átti.

Fimm könnunarskurðir voru grafnir, alls 67 metrar. Þrjár þeirra voru staðsettir við mögulegar tóftir (119:028 þúst, 119:017 hesthús, 119:027 þúst) en tveir skurðir voru grafnir við bæjarhólinn (119:001).

Minjar var að sjá í fjórum skurðum en þúst 119:027 vestur af bæjarhól reyndist vera nýlegur vélarampur skv. Stefáni Ólasyni sem var gröfumaður verkefnisins og þekkir vel til staðarins. Rampurinn hefur verið gerður með því að moka upp jarðvegi á staðnum en í sniði hans sást mikið raskaður jarðvegur með viðarkolum og torfsneplum auk allskyns brotajárns, plasts, glers og grjóts.

Fyrstu niðurstöður benda til að minjar frá fyrstu tíð sé að finna í skurðum við bæjarhól og þúst 119:028 en þar fundust torfhleðslur með landnámssyrpu auk mannvistarlaga þeim tengdum. Virðist um að minnsta kosti tvö byggingarstig að ræða. Minjar sem komu í ljós í skurði við hesthústóft 119:017 virðast nokkru yngri en auk grjóthlaðinnar tóftar sem hafði verið fyllt af rusli á 9. áratug 20. aldar og svo felld saman, sáust allt að þrjú önnur byggingarstig mannvirkis eða -virkja sem hafa verið hlaðin úr torfi. Mikið rask hefur þannig nýlega átt sér stað á þessu svæði en jarðlög og gjóskur benda til að svo hafi verið í gegnum aldirnar jafnvel allt frá miðöldum.

Engir gripir fundust við rannsóknina fyrir utan nútíma sorp og byggingarefni.

### English summary

The aim of the project was to assess the extent and condition of possible archaeology within the home field of the farm Arnórsstaðir in Jökuldalur, east Iceland. It was carried out in advance of proposed roadwork, in accordance with a ruling from Minjastofnun Íslands from 22.06.2020 (MÍ2020005-0124/6.10/P.E.H). Five trenches were excavated, a total of 67 metres. The archaeology was uncovered by a machine, but further cleaning and shovelling was carried out by hand. Sections were recorded on site, as well as plan drawings where deemed necessary. Three of the trenches targeted possible ruins identified during the field survey, (119:028 a small mound, 119:017 stable, 119:027 small mound) and a further two were cut into by the farm mound (119:001). Archaeology was visible all but one, 119:027, which was shown to be a modern ramp, made up of soil from the site including turf debris, charcoal, iron fragments, plastic, glass, and rocks. Preliminary results demonstrate that archaeology from the settlement period can be found in trenches in the farm mound as well as that in mound 119:028, where some turf constructions including the landnám tephra sequence were observed, along with associated occupational deposits with at least two building phases. The archaeology found in the trench in 119:017 identified a more recent, stone-built structure, which had been infilled with modern rubbish in the 1990's before it was collapsed. However at least three turf constructions were identified in the trench, dating to post 1500. The trench also revealed some recent large-scale disturbance in the area by human activities, although tephra and other deposits indicate a human occupation reaching back to medieval period. A geologist examined the tephra found in trenches on site. The results of his analysis will be available shortly.



Mynd 25. Gatlastaðir fram. Mannvist frá 20. öld norðan við torfbæinn. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

## 7.2 Galtastaðir fram, Hróarstungu

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Rannveig Þórhallsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Sagnabrunnur ehf. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 20200090084            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-56                  |
| <b>Staðsetning:</b> A 711545 N 557894          | <b>Póstnúmer:</b> 701 Egilsstaðir           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.9.2020      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 22.9.2020    |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdaefirlit | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir              |



Markmið framkvæmdaefirlits við Galtastaði fram, sem er í eigu Þjóðminjasafns Íslands, var að gæta að því að fornleifar yrðu ekki skemmdar við gerð bílastæðis og göngustígs hjá bænum. Teknir voru 11 könnunarskurðir, misgrunnir, frá 20 cm til 60 cm á svæðinu þar sem fyrirhugað var að leggja bílastæði og göngustíg. Í flestum skurðunum var enga mannvist að finna, einungis gjóskulög og óhreyfða mold (þó var í einum skurðinum niðurgráfin rolla frá seinni hluta 20. aldar). Gjóskulagið Ö-1362 var á flestum stöðum sýnilegt en gjóskulögin A-1875 og V-1477 virtust ekki sjáanleg, sem gæti bent til þess að efstu lög jarðvegsins hafi verið unnin eða plægð. Í grunnri holu næst bæjarstaðinu fannst mannvist; skarn eða öskuhaugur, líklega frá 20. öld af keramikbrotum að dæma.

Niðurstaða framkvæmdaefirlitsins er sú að það er óhætt er að halda áfram framkvæmdum þar sem fyrirhugað er að leggja bílastæði. Á svæðinu næst bænum, þar sem á að leggja göngustíg, þarf að gæta að því að fara ekki dýpra en 20 cm.

Framkvæmdaaðilar þurfa einnig að vera meðvitaðir um fjölda fornminja á svæðinu næst bænum til að raska þeim ekki. Mælt er með því að

fornleifafraeðingur verði við eftirlit þegar göngustígur verður lagður næst bænum vegna fjölda minja.

### **English summary**

The goal of the archaeological inspection was to have a formal programme of observation and investigation in an area where a place for parking and a walking path will be in Galtastaðir fram, a farm that is owned by the National Museum of Iceland. Eleven small test trenches were opened in the area, 20-60 cm deep. In most of them no visible human occupation or cultural layers were visible (apart from a sheep buried in the second part of the 20<sup>th</sup> c.). The tephra Ö-1362 was visible in most of the trenches but the tephra-layers of A-1875 and V-1477 were not visible, that could suggest that the top layers of the soil had been moved or ploughed. In a shallow test pit next to the farm, cultural layer and a trash pile was found, most likely from the 20<sup>th</sup> c., in relation to three fragments of ceramics found there.

The conclusion of the inspection is that the preparation and construction of the place for parking should be carried on.

In the area close to the farm, where the walking path will be, it is suggested not to go further than 20 cm from topsoil and the construction team should take full precaution in protecting archaeological remains. Therefore, it is suggested that an archaeologist should carry out archaeological inspection during the time when the walking path will be laid out.



Mynd 26. Bakkakot, Borgarfirði eystri. Torfhleðsla, mannvistarlæg og gjóskulög (A-1875, V-1717 og V1477) í könnunarskurði A. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson.

### 7.3 Bakkakot, Borgarfirði eystri

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Hermann Jakob Hjartarson     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.     |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020150016              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-15                 |
| <b>Staðsetning:</b> A 739400 N 568793           | <b>Póstnúmer:</b> 720 Borgarfjörður eystri |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 13.5.3030       | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 13.5.2020   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir             |



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort minjar leyndust undir sverðinum á Bakkakoti-Ásgarði með því að taka könnunarskurði á fyrirhuguðum byggingareit. Helstu niðurstöður eru þær að í könnunarskurðinum þremur fannst aðeins mannvist í litlum hluta eins þeirra, þ.e. slitra af torfvegg frá lokum 19. aldar, sem rofinn hafði verið beggja vegna með nútíma niðurgreftri vegna lagna. Niðurstöður úr svæði A: þar var að finna leifar af mannvistarlægum og torfvegg, mannvistarlagið liggur ofan á gjóskulagi *in situ* frá 1875 úr Öskju, það bendir til þess að torfveggurinn og mannvistarlæginn sem sáust í sniðinu séu frá árabílinu 1895-1899 þegar Árni Sigurðsson og Katrín Hildibrandsdóttir bjuggu þar. En neðar í sniðinu mátti sjá gjóskulög *in situ* líklega 1717 og 1477, engin mannvist er á milli þessara laga. Aðeins einn gripur fannst, járnbolti (2020-15-1) og er hann frá fyrri hluta 20. aldar.

Afar ólíklegt er að einhverjar minjar sé að finna óraskaðar á svæðinu og ekki virðist frekari rannsókn vera nauðsynleg til að kanna torfvegginn þar sem svæðið er raskað af lagnaskurðum og með byggingu á núverandi húsi. Niðurstöður úr heimildum og rannsóknin gefa til kynna að búseta þarna hafi verið mjög stutt. Bakkakot sem stóð frá 1901-1925 hafi í raun og veru staðið þar sem Kögur er núna, en ekki undir núsverandi húsi byggðu 1940. Aftur á móti eru heimildir um stutta búsetu frá 1895-1899 á staðnum og veggjarbrotið sem fannst er frá þeim tíma.

Niðurstöður úr svæði B eru að engin mannvist fannst í könnunarskurðinum. Niðurstöður úr svæði C eru að engin mannvist fannst í könnunarskurðinum. Ekki er talið nauðsynlegt að kanna torfvegginn með frekari uppgrefti bæði þar sem búseta virðist hafa staðið stutt á þessu bæjarstæði og fornleifarnar eru skemmdar vegna framkvæmda. Það er þó undir Minjastofnun Íslands komið að taka ákvörðun um næstu skref.

### English summary

Since historical data suggested that archaeological remains, older than 100 years, could be found at the building site of Bakkakot, the Cultural Heritage Agency of Iceland made the regulatory requirement (according to the Icelandic law regarding cultural heritage nr. 80/2012) that the landowners, Aldgate eignir ehf., hired archaeologists to do a test pit research at Bakkakot. Antikva ehf. was hired to do the research. The conclusion of the test pit excavation in area A, B and C at Bakkakot in Borgarfjörður eystri are here below. The main conclusion is the following: in the three test pits human occupation was found in only one of them, that is the remains of a turf-wall from 1895-1899. The turf wall had been disturbed to the south and the north with pits for modern pipes. The conclusion from area A is that since the tephra-layers from 1875, unknown tephra layer (most likely 1717) and 1477, were all *in situ* under a turf-wall, as well as the fact that the 1875 tephra was in the turf-wall, the turf-wall is most likely from the period when written documents suggest that Árni Sigurðsson and Katrín Hildibrandsdóttir lived in Bakkakot in the period of 1895-1899. One iron artifact, nr. 2020-15-1, was found during the excavation. It weighed 180 g, its size was 12 x 2 x 1,5 cm.

The conclusion from area B is that no human occupation was found in the test pit.

The conclusion from area C is that no human occupation was found in the test pit.


The conclusion from historical data, as well as the archaeological research, suggest a short settlement at Bakkakot from the period of 1895 to 1899. Historical data also suggest that the house Bakkakot where Árni Steinsson and his wife lived in period of 1901-1919 stood outside of the building site (in the area where the house Kögur is now). The archaeological remains found at the site suggest a short settlement, and the human occupation has been damaged by drainage pipes in the 20<sup>th</sup> century. Therefore, the conclusion of this report is that it will not be necessary to continue with further research at the site, but the final decision will be in the hands of the Cultural Heritage Agency of Iceland.



Mynd 27. Seyðisfjörður. Yfirlitsmynd af bæjarhólnum, könnunarskurði við hann og skurðum í túninu. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir.

#### 7.4 Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Ragnheiður Traustadóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.   |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020070005              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-34               |
| <b>Staðsetning:</b> A 732607 N 538352           | <b>Póstnúmer:</b> 710 Seyðisfjörður      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 9.7.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.8.2020 |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni             |



Sumarið 2020 fór fram fornleifarannsókn á Seyðisfirði þar sem áformað er að reisa snjóflóðavarnargarða undir Bjölfshlíðum. Varnargarðarnir verða þrír og nefnast þeir Bakkagarður, Fjarðargarður og Öldugarður. Grafnir voru 34 könnunarskurðir á svæðinu, ein tóft var fullgráfin og borað var með jarðbor í gamla Fjarðartúninu. Ekki er þörf á frekari rannsókn á eftirtöldum tóftum og eldri minjar fundust ekki:

Fjarðargarður: Fjánhús [2048-14], hleðsla [2048-15], hleðsla [2048-16], tóft og garðlag [2048-17], fjánhús [2048-18], hleðsla [2048-19], tóft [2048-20] og tóft [2048-23].

Fornleifar [2048-24] átti að fullgrafa, í ljós kom hús frá 19. öld og mátti sjá eldri byggingarfasa á því. Minjarnar voru ekki vel varðveittar og bendir allt til þess að þær hafi farið í snjóflóðinu árið 1885. Eftir það virðist tóftin hafa verið notuð fyrir rusl, hestur var heygður í tóftina, auk þess hefur steinum verið hent í hana við túnahreinsun. Rannsókn er lokið á þessu svæði.

Öldugarður: Þúst og garðlag [2048-4], tóft [2048-5], tóft [2048-6], grjóthleðsla [2048-9], meint tóft [2048-10].

Bakkagarður: Tóft [2048-31].




Frekari rannsókn þarf að fara fram á eftirfarandi stöðum: Fjarðargarður: Bæjarhóllinn [2048-1] er miklu stærri en fornleifaskráning gaf til kynna. Tekinn var könnunarskurður sem snýr norður-suður um það bil 12 m vestan við bæjarhólinn. Þar fundust mannvistarleifar frá 10. til 14. öld. Torfveggir, -leifar og mannvistarlög benda til þess að þarna séu mannvirki frá að minnsta kosti þremur tímaskaðum. Stór aurskriða hefur fallið á svæðið. Gjóskulagið V-1477 er yfir öllu svæðinu. Skurðurinn frá 1998 í bæjarhólnum var opnaður aftur og lengdur til vesturs í nýja skurðinn. Könnunarskurður K: Tekinn var skurður norðvestur af bæjarhólnum. Þar er að finna torfleifar með Ö-1362 gjóskunni. Hugsanlega eru þetta leifar af túngarðinum. Könnunarskurðir í Fjarðartúni: Teknir voru tíu skurðir (A-J) í túninu og mátti sjá örtilta mannvist í sumum þeirra og kolaagnir í fokjarðvegi undir V-1477. Það sem sást aðallega í skurðunum var stór skriða sem féll rétt um 1400, en gjóskulagið V-1477 lá alls staðar *in situ* í skurðunum. Í einum skurði, Tún G, örlaði þó á meiri mannvist undir skriðunni en þar virðist vera þunnt lag af torfi og mannvistarlagi. Öldugarður: Býlið-bæjarstæði [2028-03] eru sennilega leifar af undirstöðum og kjallara í húsi sem fór undir snjóflóð 1885 en eldri byggingarskeið eru undir því. Mikilvægt er að rannsaka þar sem sennilega er bæjarstæðið ein fárra minja um þetta hamfaraflóð. Mannvirki [2048-22]: Í könnunarskurðinum fundust hleðslur og torfveggur með V-1477 gjóskunni. Ekki er hægt að segja með vissu hvert hlutverk mannvirkisins er en hugsanlega er þetta útihús þar sem engir gripir fundust í skurðinum. Mannvirkið er eldra en A-1875 þar sem gjóskan lá óhreyfð yfir því.

### English summary

Archaeological excavations took place in Seyðisfjörður in the summer of 2020, where it is planned to build avalanche defences under the mountain Bjólfur. The avalanche protection walls will be three: Bakkagarður, Fjarðargarður and Öldugarður. Thirty-four test trenches were excavated and ruin [2048-24] was fully excavated and coring was carried out in the homefield of the farm Fjörður. Since no cultural layers were found under the following archaeological remains, no further investigation is required at: Fjarðargarður: Sheepshed [2048-14], stone feature [2048-15], stone feature [2048-16], ruins [2048-17], sheepshed [2048-18], stonewall [2048-19], ruins [2048-20] and ruins [2048-23]. Ruin [2048-24]: House from the end of the 19<sup>th</sup> century was fully excavated, at least two building phases. The remains were not well preserved, and everything points to the conclusion that an avalanche hit the building in the year of 1885. A horse was buried in the remains in the 20<sup>th</sup> century, as well as garbage and stones from a field clearing. Research is finished in this area. Öldugarður: Ruin [2048-4], ruin [2048-5], ruin [2048-6], stone-feature [2048-9], ruin [2048-10]. Bakkagarður: Stone feature [2048-31].

Further investigation is required at: Fjarðargarður: The farm mound [2048-1] is larger than the archaeological registration suggested. A test trench was excavated that faces N-S, 12 m west of the farm mound. Human occupation from 10<sup>th</sup> to 14<sup>th</sup> century was found in it. Turf walls, traces of turf as well as cultural layers indicate that there are structures from at least three phases in the area. A big landslide has fallen on top of the buildings and the tephra-layer V-1477 is on top of that. Test trench K: A test trench was excavated north-west of the farm mound. Remains of turf with the tephra-layer of Ö-1362. The turf could be of a turf wall from the homefield boundary. Ten test trenches [A-J] in the homefield of Fjörður: A trace of cultural layers was found in some of them, such as bits of charcoals in a windblown soil underneath V-1477 tephra. A big landslide from the year 1400 was very visible in the test trenches and the tephra-layer of V-1477 was everywhere *in situ*. In one test trench, Tún G, there seemed to be a thin layer of turf and cultural layer underneath

the landslide from 1400. Öldugarður: The farmstead [2028-03] is likely the remains of a building and a basement of a house that was hit by an avalanche in 1885. Underneath the structure is an older building phase. These remains are probably one of the few structures remaining after the avalanche. Ruin [2048-22]: in this test trench a turf wall with the tephra of V-1477 was found. The purpose of the structure is not known, but it could be an outhouse and it is older than 1875 since the tephra was *in situ*.



Mynd 28. Gjóskulagasyrpa Seyðisfjarðar sást vel í skurði í landi Skálaness þar sem sýni voru tekin til frekari greiningar. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

## 7.5 Skálanes, Austdalur. Árpúsund við Atlantshaf - Annar áfangi. Gjóskulagasyrpa Seyðisfjarðar.

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Rannveig Þórhallsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Sagnabrunnur ehf. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2019050022         | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-21                  |
| <b>Staðsetning:</b> A 746698 N 542314      | <b>Póstnúmer:</b> 710 Seyðisfjörður         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 12.6.2020  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.6.2020    |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn  | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                |



Markmið vettvangsrannsóknarinnar var að fá yfirsýn yfir gjóskulagasyrpu Seyðisfjarðar, Austurlandi. Það markmið náðist. Næsta skrefið í rannsókninni Árpúsund við Atlantshaf er að greina gjóskulagasýni sem tekin voru í vettvangsrannsókninni.

### English summary

The main goal of the research was to find the tephra-chronology of Seyðisfjörður, East-Iceland. That goal was reached. The next step is to analyze the tephra-samples in the PhD project Millennium by the Atlantic Ocean.



Mynd 29. Eskifjörður. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

## 7.6 Eskifjörður, ofanflóðavarnir

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Rannveig Þórhallsdóttir      | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Sagnabrunnur ehf. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020080062              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-49                  |
| <b>Staðsetning:</b> A 734513 N 517362           | <b>Póstnúmer:</b> 735 Eskifjörður           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.8.2020       | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.8.2020    |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir              |



Markmið rannsóknarinnar var að uppfylla kröfur Minjastofnunar en fornleifar, tóft nr. 43, hafði verið skráð á svæði þar sem á að reisa ofanflóðagarð. Rannsóknin fól í sér að athuga aldur og hlutverk fornleifanna og kanna hvort eldri minjar leyndust undir. Rannsóknin á vettvangi fór fram 27. ágúst 2020 og lauk sama dag. Framkvæmdasvæðið sem var skoðað liggur 34 metrum austan við Félagsmiðstöð aldraðra á Fossgötu 9. Við vettvangsvinnuna komu í ljós fleiri hleðslur á svæðinu og vaknaði sá grunur að tóft númer 43 væru ekki fornleifar heldur hluti af manngerðu landslagi sem var gert þegar þetta svæði var hluti af leikskólanum Melbæ á Eskifirði. Auk þess hafði fallið skriða á þetta svæði fyrir 15 árum og var svæðið lagað og gert að útivistarsvæði fyrir bæjarbúa. Bærinn Melbær stóð þarna skammt frá en þar var búið frá 1884 til 1964 en þá var húsið rífið. Á sama stað var síðan reist hús fyrir leikskólann 1968. Leikskólinn var upphaflega gæsluvöllur og var í rekstri frá 1964 til 1999. Árið 1999 var leikskólinn lagður af og húsinu breytt í Félagsmiðstöð aldraðra. Rannsóknarsvæðið var því hluti af lóð Melbæjar og síðar meir leiksvæði barna í leikskólanum.

Grafinn var 5,8x2 m könnunarskurður í hleðslurnar og fundust engin friðuð mannvirki við rannsóknina heldur staðfestist sá grunur að hleðslur á svæðinu væru frá tíma leikskólans þar sem uppfylling í sandkassa, plastleikföng (s.s.

legókubbur) og rauðmálaðir steinar fundust í efsta laginu. Undir þeim fannst ruslslag eða hreyft lag með örfáum gripum sem tengjast sennilega búsetunni á Melbæ, leirker, glerbrot, járnnaclar og kolaskófla.

Engin mannvirki eða mannvistarleifar fundust sem eru fornleifar. Í skurðinum mátti sjá hreyft gjóskulag frá Öskju 1875, en óhreyfð gjóskulög um 30 cm undir hreyfða mannvistarlagi, þ.e. V-1477 *in situ* og Örafajökul 1362 *in situ*. Engar eldri mannvistaleifar voru undir þeim.

Það var niðurstaða okkar á vettvangi að ekki væri um tóft að ræða eins og hún hafði verið skráð árið 2015, heldur væru þetta miklu yngri hleðslur og tengdar leikskólanum eða útivistarsvæðinu.

Engar frekari rannsóknir eru þarfar á svæðinu og ætti því ekki að vera nein fyrirstaða að reisa varnargarð.

### English summary

The aim of the research was to meet the requirements of the Cultural Heritage Agency of Iceland, but archaeological remains, structure no. 43, had been registered in an area where an artificial levee will be built. The research involved examining the age and the role of the structure and whether older remains were underneath it. The on-site research took place on August 27 2020 and ended on the same day. The construction site is located 34 meters east of the Social Center for Senior Citizens at Fossgata 9. During the excavation it became clear that the ruin number 43 was not an archaeological remain, but a part of man-made landscape, connected to the kindergarten Melbær in Eskifjörður. In addition, a landslide had occurred in this area 15 years ago and in the clearance phase the opportunity was used to create a park (with trees, bench and a wooden bridge) for people in the town. In that phase the stone structure, registered as the archaeological remains nr. 43, could have been created as a part of a gardening structure in the park. Melbær was close by and was inhabited from 1884 to 1964 when the house was demolished. A building for the kindergartej was then built on the same site in 1968. It was originally a daycare center and was in operation from 1964 to 1999. In 1999, the kindergarten was closed, and the building was converted into a Social Center for Senior Citizens. The research area was therefore part of the Melbær site and later a children's playground in the kindergarten.

A 5.8x2 m test trench was dug in the structures. No archaeological remains were found in the trench that are protected, but the suspicion was confirmed that the structures in the area were from the kindergarten time such as filling from a sandbox, plastic toys (such as a Lego block) and red painted stones found in the top soil. Beneath the structure was a layer of rubbish or a disturbed layer with very few objects in it, which are probably related to the residence in Melbær, artifacts such as pottery, broken glass, iron nails and a coal shovel.

No structures or cultural layer were found that are archeological remains. In the test trench there were patches of a tephra layer from Askja in 1875, not *in situ*, as well as a tephra layer about 30 cm below the cultural layer, that is V-1477 *in situ* and Örafajökull 1362 *in situ*. There were no older cultural layers underneath the *in situ* tephra layers. It was our conclusion after the excavation that the stone structure registered in 2015, as the archaeological remain nr. 43, was indeed not an archaeological structure, but a gardening structure, connected either to the kindergarten in the area or the park.

No further research is needed in the area and therefore there should be no obstacle to building a floodplain.



Mynd 30. Útstekkur, Fjarðabyggð. Steinhleðsla sem fannst við framkvæmdaefirlit. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

## 7.7 Útstekkur, Fjarðabyggð

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Rannveig Þórhallsdóttir     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Sagnabrunnur ehf. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020120023             | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-70                  |
| <b>Staðsetning:</b> A 743133 N 512449          | <b>Póstnúmer:</b> 736 Eskifjörður           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.12.2020     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 10.12.2020   |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdaefirlit | <b>Aðferð:</b> könnunarskurðir              |



Markmið rannsóknarinnar var að gæta að varðveislu fornleifa hjá bænum Útstekkur í Fjarðabyggð við lagningu raflína að bænum á vegum Rarik. Fornleifaskráning á svæðinu og rannsókn á heimildum bentu m.a. til þess að á tíma einokunarverslunar Dana (1602-1787) hafi verið byggingar tengdar verslun á svæðinu. Framkvæmdaefirlitið fór fram við erfiðar veðuraðstæður (mikla rigningu) þann 10. desember 2020. Við fornleifaskráningu var skráður nokkur fjöldi minja næst íbúðarhúsinu hjá Útstekkur. Við framkvæmdaefirlitið var valin sú lagnaleið þar sem talið var að minnstu raski á fornleifum yrði valdið á svæðinu. Við lagningu raflína var komið niður á tvær steinhleðslur og við skoðun á prófil sáust einnig leifar af torfvegg (líklega leifar af torfgarði). Aldur steinhleðslanna er óþekktur þar sem engin gjóskulög fundust við skoðun, en torfveggurinn hefur gjóskulagið A-1875 efst í torfi og virðist því yngri en 1875. Steinhleðslurnar voru mældar upp með Trimble Nomad 5 og gætt að því að hrófla þeim ekki við línulögnina.

**English summary**

The goal of the observation was to protect archaeological remains at Útstekkur in Fjarðabyggð during the plowing for electrical lines by Rarik. Archaeological registration and research of historical documents in the area suggested e.g., that there had been business premises in the period of the Danish Monopoly Trade (1602-1787). The observation took place during difficult weather conditions (heavy rain) on the 10<sup>th</sup> of December 2020. Archaeological registration had shown several archaeological remains close to the house and a route was chosen that created the least harm to the archaeological remains. Two stone structures were found during the ploughing as well as the remains of a turf wall (probably the walls of a garden). The period of the stone structure is unknown since no tephra-layers could be seen in profiles. The turf wall has the A-1875 tephra in its structure and therefore seems to be younger than 1875. The archaeological remains were measured in with Trimble Nomad 5 and precaution taken not disturbing them with the electrical lines.



Mynd 31. Stöð í Stöðvarfirði. Drónamynd af skálunum tveimur. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

## 7.8 Stöð í Stöðvarfirði

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson   | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b><br>Fornleifafræðistofan |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070024       | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-13                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 738458 N 492135    | <b>Póstnúmer:</b> 755 Stöðvarfjörður              |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.6.2020 | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.6.2020          |
| <b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Markmið sumarsins var:

Að komast að stærð eldri skálans og klára þann yngri. Leitað var áfram að öðrum húsum og nú beindist athyglin að lágum hrygg sem liggur niður túnið fáeina metra austur af skálunum.

Langtímamarkmið rannsókna er að svara eftirfarandi spurningum:

Af hverju hafði fólk á Stöð lífsviðurværi sitt? Hvernig voru veggir byggðir og úr hvaða efnum? Hve stór er hinn meinti skáli (Hús 2)? Var þetta minni eða stærri skáli en meðaltalið á Íslandi sem er um 16-17 m. Það kann að segja eitthvað um stöðu fólksins? Eru skálar á Austurlandi eins og skálar þeir sem rannsakaðir hafa verið annars staðar á landinu? Næsti rannsakaði skáli til suðurs er Hólmur í Nesjum og næsti rannsakaði skáli til norðurs er Hofstaðir í Mývatnssveit. Þar á milli eru annars konar hús þekkt svo sem svokallaðar Pálstættur undir Hálsalóni (selstaða?), Ormsstaðir í Eiðapínghá (smiðja), Geirsstaðir í Hróarstungu (kirkja) og Þórarinsstaðir í Seyðisfirði (grafir-eldstaði).

Hvenær hófst búsetan á staðnum? Hvaðan kom þetta fólk?

Er hægt að greina fleiri gjóskulög á landnámsöld sem nota má við aldursgreiningar á svæðinu (landsfjórðungnum) í framtíðinni? Þá er átt við önnur lög en þessi hefðbundnu svo sem landnámslagið frá 871±2 og Ö-1362. Til eru lög frá því rétt fyrir landnámslagið og skömmu eftir það sem þarf að greina.

Markmiðum sumarsins var að mestu náð, en lengd eldri skálans var ekki mæld nákvæmlega og ekki fundust gjóskulög *in situ* eldri en landnámslagið.



### **English summary**

The aim of the season 2020 was to figure out the size of the younger hall and finish its excavation.

The long-term aim of the project is among other things to investigate the economy of the farm, architectonic elements of the houses, when did the occupation start and the origin of the people. Is it possible to find more tephra layers from the 8<sup>th</sup> and 9<sup>th</sup> century? The aim of the season was fulfilled except for the older hall and finding tephra layers older than the settlement layer (871±2 AD) *in situ* around the halls.


## 8. Suðurland



Mynd 32. Arfabót. Skámynd af eldhúsi, skála, klefa og hluta af stofu. Soðsteinahrúga úr eldstæði hægra megin við eldhúsið. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

### 8.1 Arfabót

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson    | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b><br>Fornleifafræðistofan |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050063        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-14                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 527383 N 330467     | <b>Póstnúmer:</b> 881 Kirkjubæjarklaustur         |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.7.2020  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.7.2020          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Markmið sumarsins var að halda áfram að rannsaka hinn meinta skála (rými F) og eldhúsið (rými G) auk þess að halda áfram að moka sandi ofan af rústunum til að búa í haginn fyrir næstu sumur.

Hinn meinti skáli var ekki kláraður alveg, en komið var niður á yngstu góflögin sem voru óreiðukennd vegna hruns. Eldhúsið var hins vegar klárað og var afar vel varðveitt.

Rannsóknin sýndi að síðustu skeið búsetunnar hafa verið þung og bærinn í niðurníðslu þar sem föllnum rýmum var ekki haldið við og skáli orðinn að bæði vistarverum og búi. Frekari rannsóknir munu varpa skýrara ljósi á þetta.

### English summary

The aim of the 2020 season was to continue to excavate the hall and the kitchen, but also to continue to remove sand from atop of the ruins to prepare it for further excavations in the coming seasons.

The hall was not fully excavated, but the youngest floor layers were uncovered in a rather chaotic shape after its abandonment. The kitchen was finished and it is in a very good shape.


The investigation shows a degeneration of the farm where houses were not kept in function and the hall had been changed from a pure living room to a living room and a storage house. Further investigation will shed a clearer light on this process.



Mynd 33. Oddi á Rangárvöllum. Horft yfir uppgriftarsvæði og fallna hella í Odda. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

## 8.2 Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Kristborg Þórsdóttir   | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2018050160        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-40                              |
| <b>Staðsetning:</b> A 431411 N 364109     | <b>Póstnúmer:</b> 851 Hella                             |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 4.8.2020  | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.8.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |



Árið 2018 fór fram forrannsókn á manngerðum hellum í túninu í Odda á Rangárvöllum. Rannsóknin staðfesti að syðst í túninu eru gríðarstórir fallnir hellar og einnig fannst op inn í uppistandandi helli sem tengst hefur hrundu hellunum og leifar af torfhlaðinni byggingu framan við þann helli. Rannsóknin sem fram fór árið 2020 er hluti af Oddarannsókninni sem Oddafélagið stendur fyrir og er styrkt af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Uppgröftur var gerður á tveimur svæðum í Odda, annars vegar framan við nýfundinn helli (svæði 1), hins vegar við munna fallins hellis (svæði 3). Markmið fornleifarannsóknna í Odda 2020 var að afhjúpa torfbyggingu framan við nýfundinn helli og hefja uppgröft á henni. Um 4 m eru niður á hellismunnann og var vélgrafa fengin til þess að fjarlægja yfirborðslög en að öðru leyti var notast við einingaaðferðina (e. Single context recording). Við lok uppgriftar 2020 var búið að afhjúpa ílanga tóft sem er 12,5 x 3,5-4 m á breidd. Búið er að grafa niður á gólfög en uppgröftur á þeim er ekki hafinn. Ekkert var grafið inni í hellinum en fyrirtækið Punktaský var fengið til þess að útbúa þrívíddarlíkan af hellinum og tóftinni framan við hann þannig að búið er að skrásetja minjarnar með nákvæmum hætti áður en frekari rannsóknir verða gerðar.

Á svæði 3 var grafinn könnunarskurður við munna fallins hellis suðaustast í túninu í Odda. Vélgrafa var fengin til þess að grafa skurð sem var 1x6 m að stærð og var hún notuð til þess að grafa niður á mannvistarleifar sem reyndust vera á 0,6 m dýpi. Þar var komið niður á hrun úr þaki með þakhellum auk mikils torfhruns úr veggjum. Eru minjarnar á þessu svæði mun yngri en þær sem verið er að rannsaka á svæði 1 en þó hefur mannvirkið sem kom í ljós í skurðinum verið fallið nokkuð löngu fyrir aldamótin 1500. Grafið var niður á 1,3 m dýpi í skurðinum án þess að í ljós kæmu veggir, gólfög eða önnur mannvistarlög sem gætu gefið til kynna hlutverk minjanna eða nákvæmari aldur. Sé um forskála að ræða hefur þessi hellir staðið mun lengur en Nautahellir sem hrundi að líkindum til grunna skömmu fyrir aldamótin 1200 (á sama eða svipuðum tíma og manngerðum helli á svæði 1 var lokað).

Auk uppgrftar voru aðstæður til kjarnaborunar kannaðar í túni Odda á nokkrum stöðum. Mikil jarðvegsþykkun er á svæðinu sem mun torvela rannsóknir með þeirri aðferð.

### English summary

In the summer of 2020, an archaeological excavation was carried out in Oddi in Rangárvellir, South-Iceland. The work builds on earlier work done in 2018 when an artificial cave and a turf ruin were discovered at the site, dating back to the mid-10<sup>th</sup> century AD. The cave was connected to a much larger cave, thought to have collapsed around 1200 AD. This research is part of a multi-disciplinary project called Oddarannsóknin.

Work was done in two separate areas. In area 1 the excavation from 2018 was continued by opening a large area and exposing a turf ruin in front of the artificial cave. The ruin measures 12,5 x 3,5-4 m and its walls are very well preserved. The excavation method is Single context recording. However, a machine was needed to dig down to the archaeology which is under 2-3 m of soil, tephra and sand. The floor layers in the ruin have not yet been excavated and no excavation has been done in the cave itself as of yet. A 3D model was made of the cave and the ruin by Punktaský, giving a detailed image of these monuments at this stage of the excavation. Based on tephra chronology, the cave and the ruin have been dated to mid-10<sup>th</sup> century AD and were in use up until the latter half of the 12<sup>th</sup> century.

In area 3 a test trench measuring 1 x 6 m was dug at the mouth of a collapsed cave east of area 1. The excavation revealed a collapsed turf ruin with roof material including stone slabs. These remains are younger than the structures in area 1 but are substantially older than tephra dating to the year 1500 (found in the trench). This indicates that the cave these structures are likely to be associated with, collapsed and went out of use later than the cave in area 1.


Some preliminary coring was done in Oddi in the summer 2020 in order to assess the possibilities for a large-scale coring strategy. Soil accumulation is substantial in the area which might make large scale coring a challenge.



Mynd 34. Bergsstaðir í Þjórsárdal. Horft beint niður á rannsóknarsvæðið, mynd tekin með dróna. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

### 8.3 Bergsstaðir í Þjórsárdal

|   |   |
|---|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Ragnheiður Gló Gylfadóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses. |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020030130            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-6                               |
| <b>Staðsetning:</b> A 461800 N 407695         | <b>Póstnúmer:</b> 804 Selfoss                           |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.5.2020     | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.5.2020                |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn     | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                            |



Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt: 1) Fornleifarannsókn á öskuhaugum á Bergsstöðum. Bráður uppblástur herjar á svæðið og ljóst að öskuhaugarnir myndu eyðast á næstu árum. Áætlað var að fullgrafa báða öskuhaugana. 2) Gripagreining á lausfundnum gripum úr Þjórsárdal, fundnum á síðustu 15 árum. Þeir eru alls 400-500 talsins. Með þessum griparannsóknnum er hægt að fá hugmyndir um hlutverk þeirra staða sem þekktir eru og mögulega staðsetja áður óþekkt minjastaði.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru: Einungis var um einn öskuhaug að ræða sem var nánast horfin. Öskuhaugurinn var um 2 m í þvermál og einungis nokkrir cm á þykkt í miðju. Hann fjaraði hratt út til allra átta. Lítil, brennd dýrabein ásamt viðakolaösku voru beint ofan á gjóskulagi úr Eldgjá (K~939) en ekkert af gripum fundust. Hinn öskuhaugurinn reyndist vera soðhola sem var að renna niður í lækjargil. Tvær aðrar soðholur fundust að auki skammt norðar. Soðholurnar voru grafnar upp, í þeim öllum voru brenndir steinar en að öðru leyti voru þær ekki eins. Í einni þeirra voru fjölmörg fuglabein, fyrstu niðurstöður benda til þess að þetta séu óbrennd vængbein úr lunda, langvíu og álku. Í hinni voru brenndir

steinar og viðarkol. Samhliða uppgreftri var gengið skipulega umhverfis minjasvæðið og lækjarfarvegina í leit að fleiri minjum og gripum. Einungis þrír gripir fundust í jarðlögum, 48 lausfundnir gripir fundust við göngur á hryggnum sem minjarnar eru á.

Gjóskulagafraeðingur aldursgreindi gjóskulög á svæðinu. Niðurstaðan er sú minjarnar séu gerðar skömmu eftir 939 en um yngri aldursmörk er ekkert hægt að fullyrða vegna mikils rofs. Segja má með nokkurri vissu að menn hafi farið að athafna sig á svæðinu stuttu eftir að K~939 féll, varla meira en nokkrum árum eða áratug. Hversu lengi notkunin var er ekki vitað. Með þessum rannsóknum verður vonandi til verðugt samanburðarsafn fyrir aðrar fornleifarannsóknir á landinu.

Borkjarnasýni voru tekin yfir allt minjasvæðið (um 80x20 m að stærð). Markmiðið var að áætla umfang og aldursgreina mannvistarlög ef einhver eru, utan við öskuhaugana. Það tókst, svæðið er illa farið af uppblæstri að stórum hluta og mannvistarlög nánast horfin. Svæðið norðan við uppgraftarsvæðið reyndist einna best varðveitt en það var ekki var grafið upp enda ekki hluti af markmiðum þessarar rannsóknar. Vísendingar eru um að þar sé járnvinnslusvæði.

### English summary

The aim of the research is twofold. Firstly, to excavate the middens located at the archaeological site of Bergsstaðir in the Þjórsárdalur valley and secondly to undertake an artefact analysis of stray finds from Þjórsárdalur, found in the last 15 years. The proposed artefact study, of the approximately 400-500 artefacts found since 2005, would enable a reinterpretation of the function of known sites in the valley and possibly locate previously unknown archaeological sites.

Only one midden was found during excavation at Bergsstaðir which had almost completely eroded. What remained was the bottom of the midden – 2 meters wide and only a few centimetres deep in the centre from where it dispersed in a thin layer. No artefacts were found in the midden although small burnt animal bones were retrieved along with charcoal ash, located directly on top of tephra from Eldgjá (K~939). The other supposed midden turned out to be a cooking pit which was sliding down a hill. Two other cooking pits were found a bit further north. The excavated cooking pits differed considerably, although all included burnt stones. In one a great number of bird bones were retrieved, mostly unburned wing bones from seabirds such as puffins, guillemots and llurs. The other cooking pits were filled with burnt stones and charcoal. During the excavation the area was surveyed in the hope of discovering further remains. Only three artefacts were found *in situ* but a further 48 stray finds were retrieved during these surveys.


Analysis of the tephra layers shows that occupation of the site began shortly after 939 but due to the site's erosion it is unsure when the site fell out of use. Core samples were taken all over the site (covering an approximately 80 x 20 meter area) in order to evaluate the extent and dating of any other cultural deposits, if found. Although most of the site had completely eroded, a possible iron working area was detected about 80 meters north of the midden, which remains to be excavated.



Mynd 35. Efri Laugardælaeyja. Hin meinta refagildra grafin fram. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

## 8.4 Efri Laugardælaeyja

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson          | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b><br>Fornleifafraeðistofan |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020070099              | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-41                         |
| <b>Staðsetning:</b> A 402567 N 384072           | <b>Póstnúmer:</b> 800 Selfoss                      |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 5.8.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 14.8.2020           |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>framkvæmdarannsókn | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                       |



Að kröfu Minjastofnunar Íslands þurfti að kanna rúst og meinta garða í Efri Laugardælaeyju vegna fyrirhugaðrar brúargerðar á eyinni. Í ljós kom meint refagildra og einn ungur garður. Tveir meintir garðar reyndust vera náttúrumyndanir. Um aldur refagildrunnar verður ekkert sagt, en hugsanlega er hún frá 1200-1700.

### English summary

A bridge is scheduled over the island, so authorities demanded an investigation of a ruin and some possible embarkments. The ruin turned out to be a possible fox-trap and one of three possible embarkments was a young one, the others were natural features. The dating of the fox-trap is impossible, but a likely date is 1200-1700 AD.






Mynd 36. Björkurstykki í Árborg. Yfirlitsmynd af Grænutóft. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 8.5 Björkurstykki í Árborg

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020050083               | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-16                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 401055 N 381492            | <b>Póstnúmer:</b> 800 Selfoss                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 18.5.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.7.2020          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn     | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli og umfang minja með könnunarskurðum í tvo garða, byrgi og í Grænutóft á landi Björkur, á svæði sem kallað er Björkurstykki. Í Björkurstykki eru framkvæmdir hafnar vegna nýs íbúðarhverfis sem á að rísa á svæðinu. Í garðana voru grafnir skurðir til að kanna hvort um garða sé að ræða, úr hverju þeir voru gerðir og hvort hægt væri að aldursgreina þá með gjóskulögum. Staðfesta átti hlutverk byrgisins og aldur með könnunarskurði. Í Grænutóft var grafinn skurður til að kanna hvort í honum leyndust leifar mannvirkja eða mannvistarlög. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á hólum.

Skurðir í 530 m langan garð [1860-10] og 94 m langan garð [1860-11] sýndu að garðarnir eru frá Flóaáveitunni sem var gerð 1922-1927. Garðarnir voru handgrafnir.

Skurðurinn í byrgið sýndi að þar hefur verið grjótundirstaða fyrir mó. Það er að hleðslan var notuð til að stafla mó á til þurrkunnar áður en það var flutt heim að

bæ. Grjótundirstaðan stóð við mógrafir sem skráðar voru 2005 en hafa nú verið fylltar upp.

Skurðurinn sem var grafinn í Grænatóft sýndi mannvistarleifar efst í hólnum undir yfirborðinu. Veggir voru úr torfi og grjóti og lá svart gjóskulag yfir rústinni. Torflag var sjáanlegt neðar í skurðinum og er líklegt hrun frá vegg rústarinnar. Í vesturenda skurðarins, mun dýpra en rústin sem er efst á hólnum, kom í ljós torflag með tvílitri gjósku, grænni og hvíttri sem er ekki staðfest en sterkar líkur eru á að sé landnámslag í torfi. Líklega er á Grænahól ein bygging með mikið hrun út frá veggjum sem hefur oltið niður hólinn. Annar veggur er svo utar í hólnum en ekki er landnámsgjóska í þeim vegg. Líklegt er að rústin sem stendur rétt undir yfirborði sé útihús. Enginn merki komu fram í skurðinum um kol sem oft fylgja þar sem mannbústaðir eru nærri. Engar heimildir um útihús voru að finna við rannsóknin og er líklegt að rústin sé nokkuð gömul. Talað er um Grænatóft í skjölum frá 15. öld.

### English summary

The main aims of the research were to investigate the nature and extent of structures with test pits through two field boundaries, a stone lined peat drying area and in Grænatóft on the Björkur land, called Björkurstykki. At Björkurstykki, construction of a new residential area has started. Test pits were excavated in the field boundaries to distinguish what they were made of and if they could be dated with tephra layers. The test pit through the peat drying structure was to distinguish what its functions were and its age. In Grænatóft mound the test pit was excavated to distinguish occupational or structural deposits under the mound.

Test pit through a 530 m long field boundary [1860-10] and test pit through a 94 m long field boundary [1860-11] yielded the dates 1922-1927, linking the boundaries to the Flóaaáveita. The field boundaries were hand dug at the time of construction and contained tephra layer to date.

The test pit through the peat drying structure showed a stone lined base to lay peat on top to let it dry before moving it to the farm. The peat drying structure stood next to a peat cutting area that was recorded in 2005 but has now been filled in.


Test pit through the Grænatóft mound contained occupational and structural remains at the top of the mound under the surface. The wall was built out of turf and stone with a black tephra layer overlying it. In the western end of the test pit and deeper was a turf layer that contained the possible settlement layer. It can be concluded that in the Grænatóft mound is a structure where the walls have collapsed and rolled down the mound. Another wall was located outside the mound, but there was no settlement layer visible in that turf wall. It is likely that the structure is an outhouse because no evidence of charcoal was visible during excavation which is commonly found close to an occupation. No written sources were found for an outhouse in this area, which could indicate that the structure is quite old.



Mynd 37. Eyrarbakki, Kaupmannstún. Skurður fyrir ærslabelg. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

## 8.6 Eyrarbakki, Kaupmannstún

|  |   |
|--|---|
| <b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020060062               | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-29                        |
| <b>Staðsetning:</b> A 394182 N 375225            | <b>Póstnúmer:</b> 800 Selfoss                     |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 21.6.2020        | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.6.2020          |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdaefirlit      | <b>Aðferð:</b> blönduð tækni                      |



Markmið vettvangsrannsóknar var að hafa eftirlit með skurðum sem grafnir voru til að festa niður uppblásinn belg fyrir börn að hoppa á (ærslabelg). Belgurinn er staðsettur á svæði sem kallast Kaupmannstún (Garðstún) og er staðsett norður og norðaustur af Húsinu á Eyrarbakka. Skurðurinn var um 1 m breiður og 0.80 m djúpur og myndar hring belgsins. Langhliðar skurðsins í kringum belginn voru um 14 m langar og styttri hliðar um 11 m langar.

Að kröfu minjavarðar Suðurlands var farið fram á framkvæmdareftirlit þegar skurðurinn væri grafinn. Þar að auki var ákveðið í samráði við minjavörð að notast yrði við kjarnabor fyrst til að staðsetja belginn fjarri mögulegum minjum í túninu og hnika honum þannig til ef mannvistarlög kæmu í ljós.

Niðurstöður borkjarnarannsóknna sýndu fram á að staðsetning belgsins væri tilvalin þar sem engin mannvistalög voru sjáanleg í borkjörnunum.

Í skurðinum til að festa belginn niður var sandur beint undir yfirborðslangi og engin mannvist sjáanleg.

### **English summary**

The main aims of the project were to carry out an archaeological watching brief on trenches dug to fasten down a giant inflatable jumping pillow. The jumping pillow was to be in an area called Kaupmannstún (Garðstún) that is located north-northeast of Húsið in Eyrarbakki. The trench was 1 m wide and 0,80 m deep. The length of the trench on the longer sides were approximately 14 m long and the shorter sides were approximately 11 m long.

The watching brief was appointed by the Cultural heritage manager for South Iceland. As well as the watching brief on the trenches it was decided in consultation with the Cultural heritage manager for South Iceland that coring should take place to find the ideal location for the jumping pillow away from occupational layers.

Conclusions from the core sampling indicated that the location for the jumping pillow was ideal as no occupation layers were visible.

In the trenches for fastening the jumping pillow, sand deposits under the surface layer were recorded and no occupational layers visible.

## 9. Reykjanes

Engar rannsóknir fóru fram á Reykjanesi á árinu.

## 10. Rannsóknir sem ekki fóru fram

Ein rannsókn sem veitt var leyfi fyrir á árinu 2020 fór ekki fram heldur frestaðist yfir áramótin 2020/2021: 2020110061 Stofnfiskur, Vogavík, Vogar. Leyfishafi: Hólmfríður Sveinsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses.

Ein rannsókn sem veitt var leyfi fyrir á árinu 2020 fór ekki fram: 2020010014 Narfakot og Brunnastaðir, Vatnsleysuströnd. Leyfishafi: Stefán Ólafsson, Fornleifastofnun Íslands ses.


## 11. Rannsóknir Minjastofnunar Íslands



Mynd 38. Glóra, Álfsnesi. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið. Horft til suðurs. Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson.

### 11.1 Glóra, Álfsnesi - könnunarrannsókn

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Sigurður Bergsteinsson     | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020090087            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-75                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 365794 N 411832         | <b>Póstnúmer:</b> 162 Reykjavík                |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.9.2020      | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2020        |
| <b>Tegund rannsóknar:</b><br>könnunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> borun                           |



Markmiðið var að kanna hvort einhverjar mannvistarleifar væri að finna á framkvæmdasvæði Björgunar í landi Glóru. Svæðið er grasi vaxið og mjög þýft. Ummerki um mógrafir er að finna á svæðinu. Um mitt svæðið var mýri. Röð borkjarna var tekin í jaðri blautasta svæðisins, alls 17 kjarnar. Engar mannvistarleifar var að greina í borkjörnunum.

#### English Summary


The aim of the research was to investigate if there were any cultural remains to be found under the surface of an area where Björgun is planning to place their activity (harbour depots and machinery for gravel and sand). Minjastofnun took 17 core samples in the area. The area very tussocky and covered with grass. Traces of old peat graves are on the surface. The centre of the area is boggy. The cores were taken around the boggy area. No cultural remains were to be seen in the cores.



Mynd 39. Meint skálatóft í Húsadal. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

## 11.2 Húsadalur, meintur skáli

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Uggi Ævarsson           | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 202202-0042        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-73                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 343196 N 591153      | <b>Póstnúmer:</b> 512 Hólmavík                 |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 7.8.2020   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 7.8.2020        |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> könnunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> borun                           |



Markmið vettvangsrannsóknar var að gera könnunarrannsókn á meintri skálarúst til að kanna eðli og umfang hennar, en Minjastofnun hafði fengið ábendingu um rústina frá áhugasömum heimamönnum. Tóftin er skálalaga og hleðslur óvenju háar sem ekki er endilega vísbending um skála frá víkingaöld. Skálabyggingar hafa ekki verið grafnar fram við norðanvert Ísafjarðardjúp og því er það fræðilega athyglisvert að athuga hvort téd tóft hafi verið skepnuhús eða mannbústaður, og þá hvort um er að ræða fasta búsetu eða tímabundna, s.s. sel. Niðurstaða vettvangsvinnunnar er athyglisverð því viðarkol komu fram í 13 af 16 borum á um 20 - 50 cm dýpi undir yfirborði. Kolin dreifast nokkuð jafnt yfir alla tóftina. Lítið sem ekkert er um gjóskulög á svæðinu og því reynist erfitt að aldursgreina kolin með tilliti til gjóskulaga. En niðurstaðan er á þá leið að eldur hefur verið hafður um hönd í tóftinni. Fróðlegt væri að grafa í tóftina og freista þess að aldursgreina kolalagið.

Tóftin er 21 m N-S og 7,5 m breið. Dyr eru sunnan miðju á vesturvegg tóftar. Veggjahæð er að jafnaði um 0,5 m en er öll nokkuð uppbyggð - á hól.

### English Summary

The aim of the research was to determine the nature and extent of a supposed longhouse, recently "found" by a local. This ruin resembles a Viking longhouse in layout which is



interesting since no Viking age longhouses have been excavated in this area - just north of the huge fjord-system Ísafjarðardjúp. The aim was to get evidence - with the core - about the role of the house: was it a human dwelling place or an animal shed? Even though the ruin looks like a longhouse it could still be a shieling.

In 13 out of 16 cores charcoal was hit at depth between 20 - 50 cm bellow surface distributed pretty evenly in the ruin. The conclusion is that fire was used extensively in the house, and it is tempting to excavate it to try to date the charcoal layers. Tephras are hardly found in this area.


The ruin is 21 m N-S and 7,5 m wide. Door is on the western wall, offset to the south. Average height of the walls is 0,5 m and is sitting on a small mound.



Mynd 40. Tóftin með kirkjuna á Melgraseyri í baksýn. Ljósmynd: Uggí Ævarsson.

### 11.3 Melgraseyri, meintur skáli

|  |  |
|--|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Uggí Ævarsson           | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 202111-0155        | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-74                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 343765 N 617371      | <b>Póstnúmer:</b> 512 Hólmavík                 |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 7.8.2020   | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 7.8.2020        |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> könnunarrannsókn | <b>Aðferð:</b> borun                           |



Markmið vettvangsrannsóknar var að gera könnunarrannsókn á meintri skálarúst til að kanna eðli og umfang hennar, en Minjastofnun hafði fengið ábendingu um rústina frá áhugasömum heimamönnum. Tóftin má heita skálalaga þótt býsna sé hún sokkin. Skálabyggingar hafa ekki verið grafnar fram við norðanvert Ísafjarðardjúp og því er það fræðilega athyglisvert að athuga hvort téð tóft hafi verið skepnuhús eða mannbústaður, og þá hvort um er að ræða fasta búsetu eða tímabundna, s.s. sel.

Niðurstaða vettvangsvinnunnar er athyglisverð því að viðarkolasalli kom í ljós. Ekki var um að ræða þykka skán heldur frekar kolabletti hvar þéttinn var mest í suðvesturhluta tóftarinnar, að meðaltali um 30 cm undir yfirborði. Kol voru í 5 borum af 12. Lítið sem ekkert er um gjóskulög á svæðinu og því reynist erfitt að aldursgreina kolin með tilliti til gjóskulaga. En bráðabirgðaniðurstaða er á þá leið að eldur hefur verið hafður um hönd í tóftinni þótt ekki sé loku fyrir það skotið að kolin hafi borist í tóftina annars staðar frá. Til að sjá hvernig er í pottinn búið þarf að grafa í tóftina til að staðfesta að kolin hafi verið brennd á staðnum.

Tóftin er sokkin, um 28 m á lengd NA-SV auk 14 m viðbyggingar við norðausturendann. Breidd tóftar er að jafnaði um 10 m.

### **English Summary**

The aim of the research was to determine the nature and extent of a supposed longhouse, recently "found" by a local. This ruin resembles a Viking longhouse in layout which is interesting since no Viking age longhouses have been excavated in this area - just north of the huge fjord-system Ísafjarðardjúp. The aim was to get evidence - with the core - about the role of the house: was it a human dwelling place or an animal shed?

In 5 out of 12 cores charcoal came up in the southwest part of the ruin, which is an indicator of human dwelling, but it has to be verified by excavation. Tephras are hardly found in this area.


The ruin is quite sunken. c. 28 m NE-SW with a 14 m long extension at the north-eastern side. The width is 10 m average.



Mynd 41. Strandgata 75b, Eskifirði. Horft til vesturs, inn í rústina. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

#### 11.4 Strandgata 75b, Eskifjörður

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Þuríður Elísa Harðardóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2019100064            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-76                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 734764 N 516841         | <b>Póstnúmer:</b> 735 Eskifjörður              |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.10.2020    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.10.2020      |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> könnunarrannsókn    | <b>Aðferð:</b> borun                           |



Eigendur hússins Brekku sem stendur við Strandgötu 75b á Eskifirði áforma að reisa viðbyggingu við húsið. Fornleifaskráning sem var unnin vegna deiliskipulagsáforma á Eskifirði leiddi í ljós að innan þess svæðis sem fyrirhuguð viðbygging nær yfir voru skráðar fornleifar. Um var að ræða grjóthlaðna rúst og vel greinilega.

Minjavörður fór á vettvang til að kanna eðli og umfang minjanna til að meta næstu skref í málinu. Teknir voru borkjarnar utan við rústina og inn í henni. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að rústinn virðist hafa verið reist á skriðu og lítil sem engin jarðvegssöfnun er undir henni.

#### English Summary

The owners of Brekka, Strandgata 75b at Eskifjörður, have been planning to extend their house. According to an archaeological survey that was done in the area in the year 2015 a stone-built ruin was registered inside the estimated extension area.

The cultural heritage manager of Eastern Iceland went to look at the area and made some trial excavation with coring, outside and inside the ruin. The results where that the ruin appears to be built on a landslide so little soil was visible in the cores.



Mynd 42. Búland 8, Djúpavogi. Horft til vesturs yfir lóðina. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

## 11.5 Búland 8, Djúpavogi

|   |  |
|---|--|
| <b>Leyfishafi:</b> Þuríður Elísa Harðardóttir | <b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands |
| <b>Rannsóknarnúmer:</b> 2020070039            | <b>Númer ÞJMS:</b> 2020-77                     |
| <b>Staðsetning:</b> A 724954 N 470055         | <b>Póstnúmer:</b> 765 Djúpivogur               |
| <b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 16.10.2020    | <b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 16.10.2020      |
| <b>Tegund rannsóknar:</b> könnunarrannsókn    | <b>Aðferð:</b> borun                           |



Eigandi hússins við Búland 8 á Djúpavogi hefur í hyggju að jafna út lóð sína bak við íbúðarhúsið. Samkvæmt fyrirliggjandi fornleifaskráningu voru skráðar fornleifar innan lóðarinnar, þótt engar fornleifar væru sjáanlegar á yfirborði. Minjavörður kannaði eðli og umfangs svæðisins með kjarnabor til að kanna hvort ummerki um skráðar fornleifar væri að finna undir sverði.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að svæðið sé töluvert raskað vegna seinni tíma framkvæmda auk þess að stutt var niður á fast. Ekki var talið að fornleifar væru í hættu vegna framkvæmdanna.

### English Summary

The owner of the house at Búland 8 in Djúpivogur wants to even out his back lawn. According to an archaeological survey that was done for the area, there are sources that point to possible archaeological remains under the top surface inside the lawn of Búland 8, but no remains are visible. The cultural heritage manager of Eastern Iceland did some research on the lawn by coring.

The results were that the area is disturbed by development in the area during later years.

**12. Myndaskrá**

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2020. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.....   | 4  |
| Mynd 2. Móakot. Yfirlitsmynd tekin til suðvesturs. Ljósmynd: Gavin Lucas.....  | 5  |
| Mynd 3. Lambastaðir. Lísabet Guðmundsdóttir fylgdist með greftri á könnunarskurði við Hamarsgötu. Ljósmynd: Ceecee Cecario. ....   | 7  |
| Mynd 4. Nýlendugata, Norðurstígur. Horft til vesturs yfir athafnasvæðið. Ljósmynd: Vala B. Garðarsdóttir. ....   | 8  |
| Mynd 5. Tryggvataga og Naustin. Staðsetningarkort sem sýnir dreifingu minja innan framkvæmdasvæðis. Mynd: Loftmyndir ehf./Stefán Ólafsson.....   | 10 |
| Mynd 6. Stjórnarráðsreitur. Horft yfir hluta af drenkerfi sem lá undir öðrum og yngri mannvirkjum á svæðinu. Ljósmynd: Vala B. Garðarsdóttir.....  | 12 |
| Mynd 7. Hegningarhúsið. Horft yfir garðinn til suðurs. Ljósmynd: Howell M. Roberts. ....   | 14 |
| Mynd 8. Hljómskálagarðurinn. Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir og Katrín Georgsdóttir nemar í fornleifafræði sigta ruslalög úr skurðinum. Horft til SSV. Ljósmynd: Ágústa Edwald Maxwell..... | 15 |
| Mynd 9. Árbær. Loftmynd af uppgraftarsvæði A. Nemendur í slökun á meðan dróninn er látinn fljúga yfir. Ljósmynd: Hulda Björk Guðmundsdóttir. ....  | 17 |
| Mynd 10. Grjóthleðsla á Álfsnesi. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson. ....  | 19 |
| Mynd 11. Ártún á Kjalarnesi. Yfirlitskort af könnunarskurðum. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir. ....   | 20 |
| Mynd 12. Ólafsdalur. Rannsóknarsvæðið á síðasta degi uppgrafar. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir. ....   | 22 |
| Mynd 13. Ólafsdalur, framkvæmdir. Yfirlitskort af uppgraftarsvæði. Ljósmynd/kort: Hólmfríður Sveinsdóttir. ....  | 24 |
| Mynd 14. Hrafseyri. Yfirlitsmynd af skurðum tekin með dróna. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.....  | 27 |
| Mynd 15. Auðkúla. Yfirlitsmynd af skála og smáhýsi tekin með dróna. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. ....  | 29 |
| Mynd 16. Snið öskuhaugs í Sandvík. Ljósmynd: Howell M. Roberts.....  | 32 |
| Mynd 17. Þingeyrar. Teiknilag C-5. Ljósmynd: Ómar Valur Jónasson. ....   | 34 |
| Mynd 18. Grófargil. Snið úr skurði sem sýnir afstöðu ruslalags (neðst) við gjóskulög. H 1104 áberandi hvít. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.....                                     | 36 |
| Mynd 19. Hrísey. Skurður 3 í Saltnesi, horft til suðausturs yfir túnið í Saltnesi. Ljósmynd: Orri Vésteinsson. ....  | 39 |
| Mynd 20. Akureyri, Aðalstræti 12b. Yfirlitskort af svæðinu. Ljósmynd/kort: Vala B. Garðarsdóttir. ....   | 41 |
| Mynd 21. Hofstaðir, Í Brekkum. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu við lok uppgrafar. Myndin nær yfir það svæði sem   |    |

|   |    |
|---|----|
| skráð var sem tóft 3. Horft í vestur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir. ....  | 42 |
| Mynd 22. Húsavík. Könnunarskurður í túngarð við hjúkrunarheimilið Hvamm. Ljósmynd: Kristin Sýlvía Ragnarsdóttir. ....   | 45 |
| Mynd 23. Fremri-Fjöll. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins en rauði hringurinn liggur umhverfis tóftina sem var rannsökuð. Mynd: Loftmyndir/Stefán Ólafsson. .... | 47 |
| Mynd 24. Arnórsstaðir á Jökuldal. Horft yfir rannsóknarsvæðið til ANA. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir. ....   | 49 |
| Mynd 25. Gatlastaðir fram. Mannvist frá 20. öld norðan við torfbæinn. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir. ....   | 51 |
| Mynd 26. Bakkakot, Borgarfirði eystri. Torfhleðsla, mannvistarlög og gjóskulög (A-1875, V-1717 og V1477) í könnunarskurði A. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson. ....                 | 53 |
| Mynd 27. Seyðisfjörður. Yfirlitsmynd af bæjarhólnum, könnunarskurði við hann og skurðum í túninu. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir. ....  | 55 |
| Mynd 28. Gjóskulagasyrpa Seyðisfjarðar sást vel í skurði í landi Skálaness þar sem sýni voru tekin til frekari greiningar. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir. ....                    | 58 |
| Mynd 29. Eskifjörður. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir. ....  | 59 |
| Mynd 30. Útstekkur, Fjarðabyggð. Steinhleðsla sem fannst við framkvæmdaefirlit. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir. ....   | 61 |
| Mynd 31. Stöð í Stöðvarfirði. Drónamynd af skálunum tveimur. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson. ....  | 63 |
| Mynd 32. Arfabót. Skámynd af eldhúsi, skála, klefa og hluta af stofu. Soðsteinahrúga úr eldstæði hægra megin við eldhúsið. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson. ....                        | 65 |
| Mynd 33. Oddi á Rangárvöllum. Horft yfir uppgraftarsvæði og fallna hella í Odda. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir. ....   | 67 |
| Mynd 34. Bergsstaðir í Þjórsárdal. Horft beint niður á rannsóknarsvæðið, mynd tekin með dróna. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir. ....   | 69 |
| Mynd 35. Efri Laugardælaeyja. Hin meinta refagildra grafin fram. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson. ....  | 71 |
| Mynd 36. Björkurstykki í Árborg. Yfirlitsmynd af Grænutóft. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. ....   | 72 |
| Mynd 37. Eyrarbakki, Kaupmannstún. Skurður fyrir ærslabelg. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. ....   | 74 |
| Mynd 38. Glóra, Álfsnesi. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið. Horft til suðurs. Ljósmynd: Sigurður Bergsteinsson. ....  | 78 |
| Mynd 39. Meint skálatóft í Húsadal. Ljósmynd: Uggi Ævarsson. ....   | 79 |
| Mynd 40. Tóftin með kirkjuna á Melgraseyri í baksýn. Ljósmynd: Uggi Ævarsson. ....  | 81 |

|   |    |
|---|----|
| Mynd 41. Strandgata 75b, Eskifirði. Horft til vesturs, inn í rústina. |    |
| Ljósmynd: Þuríður Elisa Harðardóttir.....                             | 83 |
| Mynd 42. Búland 8, Djúpavogi. Horft til vesturs yfir lóðina.          |    |
| Ljósmynd: Þuríður Elisa Harðardóttir.....                             | 84 |